



# FRÉTTABLAÐIÐ

MÁNUDAGUR

PITT

21. júní 2010 — 143. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**Teppi úr öllum áttum**  
Sarah Appelbaum er í hópi listamanna sem teygja lopann í Norræna húsinu.  
**fólk 30**

**Vegleg afmælis dagskrá**  
105 ár eru liðin frá fæðingu stórsöngkonunnar Maríu Markan.  
**tímamót 18**



**Baldur hetja KR**  
Baldur Sigurðsson tryggði KR sigur á lokamínúttunni.  
**sport 24 & 25**

## veðrið í dag



**HÆGUR VINDUR** einkennir veðrið á landinu í dag. Það verður að mestu leyti skýjað og lítills háttar væta vestan til en á Suðausturlandi verður bjart með köflum. Hiti verður á bilinu 8 til 16 stíg.

VEÐUR 4

## Læknaskortur yfirvofandi

Fáir íslenskir læknar snúa heim úr námi frá öðrum löndum. Þeir hafa það gott úti og vilja ekki heim í kreppu. Formaður Læknafélagsins og forstjóri Landspítala hafa áhyggjur, en heilbrigðisráðherra er rólegri.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ástandið er erfitt og óvissan veldur þessu unga fólki áhyggjum,“ segir Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans. Um 150 til 200 íslenskir læknar eru nú í útlöndum að læra einhverja sérgrein. Venjulega hafa 30 til 40 þeirra komið heim á hverju ári, en síðastliðin tvö ár hefur það brugðist.

„Í vetur komu fimm og ég hef heyrt af fjórum sem eru að koma heim í sumar,“ segir Birna Jónsdóttir, formaður Læknafélags Íslands. „Nú hefur í fyrsta sinn fækkad félögum í Læknafélagi Íslands milli ára. Í þúsund manna félagi finnur maður verulega fyrir því þegar þennan hóp vantar, þótt það sé ekki nema 20-30 manns á ári.“

Þau Björn og Birna segja ástandið koma

misjafnlega niður á sérsviðum lækna og deildum sjúkrahúsanna.

„Sem stendur eru krabbameinslækningarnar viðkvæmastar,“ segir Björn forstjóri, sem hefur sjálfur þurft að standa vaktir til að létta álaginu á deildum sjúkrahússins. Hann hefur tekið vaktir á slysadeild og um síðustu helgi var hann á bakvakt á bæklunarskurd-eild, sem er hans sérsvið í faginu.

„Við höfum töluverðar áhyggjur af því hvernig þetta muni þróast. Þetta ástand gæti skapast á fleiri stöðum líka. Til dæmis gætum við átt eftir að missa hjúkrunarfræðinga. Maður hefur heyrt af því að einhverjir þeirra séu að hugsa sér til hreyfings. Við erum þó ekki jafn viðkvæm fyrir því vegna þess að sérhæfingin er ekki jafn mikil.“

„Nú er líka búið að leggja niður eftirmiðdagsvakt milli klukkan 4 og 6 á heilsugæslustöðvum í Reykjavík,“ segir Birna. „Það var ekki ráðið í afleysingar út af peningaleysi. Þetta er kannski ekki komið á hættulegt stig ennþá, en þjónustan er óneitanlega orðin verri en við vildum sjá hana.“

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra segir þetta ástand ekki koma á óvart í kjölfar kreppunnar. Læknaskortur hafi verið viðvarandi hér árum saman, en ekki sé ástæða til að mikla fyrir sér vandann núna.

„Fólk er að bíða af sér kreppuna, en ég vona að þessi hópur komi svo galvaskur heim þegar fer að rofa til,“ segir Álfheiður og sér engin merki þess að neyð skapist.

- gb / sjá síðu 6



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFNAN

**SKRIFINN ÚR EGGINU** Kríuvarp er hafið í Fljótshlíðinni. Að sögn Freydísar Vigfúsdóttur líffræðings sem vinnur að doktorsverkefni um vistfræði kríu hefur á síðastliðnum árum mátt finna mun á varpi milli landshluta. „Varp hefur gengið illa á Suður- og Vesturlandi en virðist ganga betur á Norður- og Austurlandi.“

Milljónastyrkur frá ESB:

## Ferðast um og kynna veggjalist

**FÓLK** „Fólk frá Evrópu unga fólksins kom og kynnti fyrir okkur styrkinn í Fjölbraut í Breiðholti og við lögðum mikla vinnu í umsóknina,“ segir Kristín Þorláksdóttir sem er hluti af sjö manna hópi veggjalistamanna sem fengu um milljón króna styrk frá Evrópu unga fólksins.



KRISTÍN ÞORLÁKS-DÓTTIR

Markmiðið er að draga úr fordómum almennings í garð veggjalistar og kynna hana fyrir landsbyggðinni.

Þess má geta að Kristín er dóttir Tolla og á því ekki langt að sækja myndlistarhæfileikana.

Hópurinn byrjar hringför sína um landið í júlí og vonast eftir jákvæðum undirtektum.

- áþ / sjá síðu 30

Öryggismál á ferðamannastöðum í brennidepli eftir tvö banaslys á stuttum tíma:

## Skilti bjarga ekki málunum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Tveir erlendir ferðamenn hafa látist með stuttu millibili á vinsælum ferðamannastöðum þar sem merkingum hefur þótt ábótavant. Fyrr í þessum mánuði hrapaði þýskur ferðamaður til bana í Látrabjargi. Á laugardag drukknaði franskur maður í gjánni Silfru á Þingvöllum, eftir að hafa reynt að bjarga unnnustu sinni sem sat föst á milli tveggja steina ofan í gjánni.

Öryggismálum í sportköfun er mjög ábótavant hér á landi, að mati Jónínu Ólafsdóttur landfræðings, sem skrifaði lokaritgerð sína um málið. Hvorki sé upplýsingaskilti né varasúrefni að finna við Silfru, þrátt fyrir alla umferðina um svæðið. Þá sé eftirliti með fyrir-

tækjum sem bjóða upp á sportköfun hér á landi ábótavant og reglugerðir úreldar.

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri segir að vinna sé í fullum gangi við að þróa gæða- og umhverfissvottunarkerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu. Þar verði öryggismál ferðamanna sérstaklega tekin til skoðunar.



ÓLÖF ÝRR ATLADÓTTIR

Eitt af því sem taka þurfi til skoðunar sé með hvaða hætti sé best að tryggja öryggi fólks á ferð

um landið. Nauðsynlegt sé að upplýsa ferðamenn um þær hættur sem leynt geta við vinsælar náttúruperlur, hvort sem það verði gert með aukinni fræðslu eða fleiri upplýsingaskiltum.

Ólöf telur ólíklegt að skilti við gjána Silfru hefði gert gæfumuninn nú um helgina. „Þarna virðist vera um mannlegan harmleik að ræða. Það verður aldrei komið algjörlega í veg fyrir slys á fólki, þar sem mannlegt atferli blandast inn í. Skilti eitt og sér bjargar ekki öllu. Þótt vissulega megi bæta upplýsingagjöfina efast ég um að skilti við Silfru hefði komið í veg fyrir þetta slys, þó ég geti ekkert fullýrt um það fyrr en tildrög þess eru fyllilega ljós.“

- hhs / sjá síðu 6

**Gott í Matinn**  
FYRIR ALLA SEM GRILLA  
ALVEG GRILLAÐUR!  
Grillosturinn bráðnar betur en aðrir ostar og hentar því einstaklega vel á hamburgara eða annan grillaðan mat.

**TENGI**  
IFÖ NEXTsturtuklefi  
Tilboðsverð 79.900.-  
TILBOÐ VIKUNNAR  
Smíðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000  
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050



„Vorur ungu brúðhjónin í blóma lífsins?“

„Já. Þau eru innstillt á rómantikina og munu ekki þurfa aðstoð við að vökva garðinn sinn.“

María Músdóttir blómaskreytir sá um blómaskreytingar í brúðkaupi Viktoríu krónprinsessu Svíþjóðar sem fram fór á laugardag.

## Banaslys varð þegar bifhjól og jeppi skullu saman við Gilsfjörð á laugardag: Kona á sextugsaldri lét lífið

**UMFERDARSLYS** Kona á sextugsaldri lést eftir árekstur vélhjól og jeppa á þjóðvegnum við bæina Litla- og Stóra-Holt, skammt sunnan Gilsfjarðarbrúar, síðdegis í gær.

Konan var í hópi vélhjólafólks sem var á leið norður í átt til Vestfjarða. Á gatnamótunum við bæina Litla- og Stóra-Holt ók jeppi í veg fyrir hana. Vélhjól hennar skall á jeppanum við afturhjól hans. Við höggið snerist jeppinn og valt, en ökomann og farþega hans sakaði ekki.

Tilkynning um slysið barst lög-

reglu klukkan 17.30 í gærðag og fóru lögreglumenn úr Búðardal og Hólmavík á slyssað. Þýrla Landhelgisgæslunnar var jafnframt kölluð til og lenti við slyssað með lækni, en lífgunartilraunir hans báru ekki árangur.

Ekki er unnt að greina frá nafni konunnar að svo stöddu. Hún var erlend en búsett hér á landi. - hhs

**BÚÐARDALUR** Kona lést eftir árekstur skammt sunnan Gilsfjarðarbrúar í gærðag. Lögreglumenn frá bæði Búðardal og Hólmavík komu á slyssað.



Bíladagar á Akureyri:

## Mikill erill hjá lögreglunni

**SKEMMTANIR** Erill var hjá lögreglunni á Akureyri um helgina. Bíladagar voru haldnir þar í bæ frá fimmtudegi til sunnudags.

Að sögn Guðmundar Svanlaugssonar, varðstjóra á Akureyri, var aukið við mannskap fyrir helgina. Hann segir að sex menn hafi verið teknir fyrir ölvunarakstur og einn fyrir vímuefnaakstur frá miðvikudagskvöldi og þar til í gærkvöldi. Einnig er vítað um eina líkamárás sem ekki hefur enn verið kærð. - mmf

Skaftárhlaup hófst í gær:

## Enginn sérstakur viðbúnaður

**NÁTTÚRA** Skaftárhlaup hófst upp úr hádegi í gær. Fylgst var með framvindu þess á mælum Veðurstofu Íslands, en enginn sérstakur viðbúnaður var viðhafður af hálfu lögreglu.

Íbúar efstu bæja í Skaftárdal fóru þó af bæ til að lokast ekki inni, að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli, þar sem oft hefur flætt í kringum bæina í Skaftárhlaupum. Þau eru nánast árlegur viðburður og eiga upptök sín í Vatnajökli.

Fólk var beðið um að fara varlega í nágrenni árinna og halda sig fjarri upptökum hennar. - gb



**ROBERT GATES** Varnarmálaráðherra Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

Stórsókn miðar hægt:

## Stefnt að brott-hvarfi að ári

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk stjórnvöld stefna enn að því að hefja brottvarf bandaríska hersins frá Afganistan í júlí á næsta ári.

„Það hefur ekkert breyst.“ sagði Rahm Emanuel, skrifstofustjóri í Hvíta húsinu.

Robert Gates varnarmálaráðherra var þó heldur varkárari í orðum, og sagðist ekki vita hve hratt brottflutningurinn geti gengið fyrir sig.

Hann sagði hernaðarsókn Bandaríkjanna í suðurhluta landsins hafa gengið hægar en stefnt var að. Fyrr í þessum mánuði sagði Gates að þetta sumar yrði Bandaríkjaher að sýna fram á árangur. - gb



**LEIKJANÁMSKEIÐIN** Krakkarnir lærðu hina ýmsu hluti daginn sem ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði, svo sem hekl, þrjón og hnútabindingar. Hér eru þær Sóley og Guðrún ásamt leiðbeinendum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

# Miðla þekkingu á milli kynslóða

Rauði krossinn stendur fyrir ókeypis leikjanámskeiðum fyrir börn annað sumarið í röð. Eldri borgarar sjá að mestu leyti um að leiðbeina börnunum. Markmið námskeiðanna er að miðla þekkingu og koma á tengslum milli kynslóða.

**FÉLAGSMÁL** „Eftir kreppuna er mikið af fjölskyldufólki sem hefur ekki efni á því að senda börnin sín á leikjanámskeið“, segir Lovísa Arnardóttir verkefnastjóri um ókeypis leikjanámskeið Rauða krossins. Námskeiðin heita Gleðidagar – hvað ungur nemur, gamall temur. Nafnið er tilkomið af því að leiðbeinendur á námskeiðinu eru að mestu leyti eldri borgarar. Námskeiðin eru haldin í samstarfi við Öldrunarráð Íslands.

Námskeiðin voru haldin í fyrsta skipti í fyrra og var hugmyndin sú að sameina kynslóðir og miðla gömlum gildum og þekkingu á milli þeirra. „Eldri borgararnir miðla þekkingu til barnanna og kenna þeim alls konar hluti“, segir Lovísa. Fólkið fékk að miklu leyti að ákveða sjálf hverju það vill miðla og hefur dagskráin verið fjölbreytt. „Hér er til dæmis búið að kenna framsögn og ræðumennsku, hnútabindingar og ljós-

myndun.“ Þá var farið í heimsókn í hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi auk þess sem farið er á söfn. „Svo kennum við skyndihjálpar fyrir börn.“

Fyrsta námskeiðið var haldið í Kópavogi í liðinni viku og gekk mjög vel að sögn Lovísu. Í næstu viku verður haldið námskeið á Kirkjubæjarklaustri, því næst á Álftanesi og að lokum í Mosfellsbæ. Laus pláss eru á námskeiðin. [thorunn@frettabladid.is](mailto:thorunn@frettabladid.is)

Vísindamenn í Egyptalandi:

## Fornrar borgar leitað með ratsjá

**EGYPTALAND, AP** Hópur austurrískra fornleifafræðinga við störf í Egyptalandi hefur náð góðum árangri með því að nota ratsjármyndatöku til að ákvarða staðsetningu 3.500 ára gamallar höfuðborgar Egyptalands.

Á ljósmyndunum má sjá útlínur gatna, húsa og trúarhófa sem faldar eru undir grænum ekrum og nútímabæjum á óshólmum Nílar.

Talið er að svæðið geti verið hluti af Avaris, sumarhöfuðstað Hyksosa sem réðu Egyptalandi á árunum 1664 til 1569 fyrir Krist. - hhs

Góð byrjun á laxveiðisumri:

## Laxá í Aðaldal opnaði í gær

**VEIÐI** Tveir stórir laxar, 22 hængur og 20 punda hrygna, veiddust í Laxá í Aðaldal í morgun, á fyrsta veiðidegi árinna. Veiðimaðurinn var Viðar Tómasson og veiddi hann á rauða Francisfluglu. Báðum lögum var sleppt aftur.

Nokkrir leigutakar eru að veiðinni í Laxá í Aðaldal en Róbert Brink, hjá Laxáfélaginu sem hefur haft meirihluta árinna á leigu síðastliðin sextíu ár, segir sumarið líta vel út og byrjunina lofa góðu. „Það er þokkalega bókað og um tíu manns að veiða á okkar svæði núna. Það hefur verið mjög hlýtt og gott veður undanfarið en það hefur ekki staðið fyrir veiðinni.“ - jma



**TVEIR STÓRIR** Lögum sem veiddust í gærmorgun var báðum sleppt aftur.

Kjósar þarf aftur milli tveggja efstu frambjóðenda til forseta Póllands:

## Enginn fékk meirihluta

**PÓLLAND, AP** Niðurstaða forsetakosninganna í Póllandi í gær varð sú að eftir tvær vikur þarf að greiða atkvæði á ný milli þeirra tveggja, sem flest atkvæði hlutu.

Þeir eru Bronislaw Komorowski þingforseti, sem hefur gegnt forsetaembættinu síðan Lech Kaczyński fórst í flugslysi í apríl, og Jaroslaw Kaczyński, sem er fyrrverandi forsætisráðherra og einnig tvíburabroðir hins látna forseta.

Átta aðrir frambjóðendur voru í kjöri, en þeir falla nú brott.

Samkvæmt fyrstu útgönguspám hlaut Komorowski 45,7 prósent atkvæða og Kaczyński 33,2 prósent. Samkvæmt annarri útgönguspá hlaut Komorowski 41,2 prósent en Kaczyński 35,8 prósent. Opinber úrslit verða væntanlega birt í dag.

Útgönguspárnar sýna að í þriðja sæti kom frambjóðandi vinstri- og miðjumanna, Grzegorz Napieralski, sem fékk um 13,5 prósent. Stjórnmalaskýrendur segja afar ólíklegt að þeir sem kusu hann muni greiða hægrimanninum Kaczyński atkvæði sitt.



**BRONISLAW KOMOROWSKI** Þykir enn sigurstranglegur fyrir sinni umferð kosninganna. NORDICPHOTOS/AFP

Parti mesta lagi að setja þá í skál.

**Gott í Matinu**

FYRIR ALLA SEM GRILLA

SÝÐUR RJÓMI

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA

# ÞRjú Efstu Sætin í NOVA- Deildinni!

**2.890 kr./mán.**

**Nokia 5230**

0 kr. út og 2.890 kr. á mán. í 12 mán.

**33.990 kr./stgr.**

**1.000 kr. notkun  
á mánuði í  
12 mán. fylgir!**  
Gildir í áskrift og frelsi.

**1.190 kr./mán.**

**Huawei U1250**

0 kr. út og 1.190 kr. á mán. í 12 mán.

**12.990 kr./stgr.**

**1.000 kr. notkun  
á mánuði í  
12 mán. fylgir!**  
Gildir í áskrift og frelsi.

**3.990 kr./mán.**

**LG Optimus GT540**

0 kr. út og 3.990 kr. á mán. í 12 mán.

**44.990 kr./stgr.**

**1.000 kr. notkun  
á mánuði í  
12 mán. fylgir!**  
Gildir í áskrift og frelsi.



1



2



3

NOVA

Verðslanir Nova eru í Krínglunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 250 kr./mán. greiðslugjald.  
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódyrara að staðgreiða!



Tungumál heimsins eru

# gersemar.

Þekking á **erlendum tungumálum** er fámennri

þjóð með eigin tungu og menningu bráð nauðsyn.

Hún er **lykill að auknum skilningi** og víðari sýn á heiminn í veröld þar sem allt og allir koma okkur við í síauknum mæli.

Tungumál heimsins þarf að skilja svo **samskipti**

geti farið farsælega fram.



Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur  
í erlendum tungumálum

Vigdís Finnbogadóttir

## Hýsum „gersemar heimsins“

Látum verkin tala – eflum Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hefur sett sér það metnaðarfulla markmið að stórefla starfsemi sína með því að setja á laggirnar alþjóðlega tungumálamiðstöð þar sem leikir og lærðir geta fræðst á lifandi og skapandi hátt um erlend tungumál og skyggst inn í ólíka menningarheima. Til að skapa þessu tímamótaverkefni viðeigandi ramma er í undirbúningi að reisa hús fyrir alla starfsemi stofnunarinnar, m.a. rannsóknir og kennslu í erlendum tungumálum. Vigdís Finnbogadóttur er þetta verkefni afar hugleikið og hún hefur sjálf lagt mikið af mörkum við undirbúning þess.

Vigdís hefur ætíð talað einarðlega fyrir mikilvægi tungumálakunnáttu og menningarþekkingar. Við viljum taka undir orð hennar um leið og við heiðrum mikilvægt framlag hennar til tungumála.

Í tilefni af stórafmæli Vigdísar og því að 30 ár eru liðin frá sögulegu forsetakjöri hennar hafa margir orðið til að leggja byggingarverkefninu lið og er vonast til að takast megi að fullfjármagna það á þessu afmælisári. Fram til 29. júní stendur yfir þjóðaráttak, þar sem öllum – einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum – gefst tækifæri til að leggja sitt af mörkum.

Sýnum hug okkar í verki

Göngum til liðs við Vigdís svo þetta metnaðarfulla verkefni megi verða að veruleika.

Styrktarsímanúmer:

**903 1030**      **1.000 kr.**

**903 3030**      **3.000 kr.**

**903 5030**      **5.000 kr.**

Hægt er að greiða með greiðslukorti á [vigdis.hi.is](http://vigdis.hi.is) eða leggja inn á reikningsnúmer byggingarsjóðs: 0137-26-000476, kt. 600169-2039. Tilgreina þarf í skýringu: 137567.

Nánari upplýsingar um verkefnið og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur eru á [www.vigdis.hi.is](http://www.vigdis.hi.is)

Bandalag háskólamanna – Bandalag íslenskra listamanna – Barnaheill – Blindrafélagið – Exedera – Ferðamálastofa – Félag heyrnarlausra Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga – Félag kvenna í atvinnurekstri – Félag leiðsögumanna – Edda öndvegissetur – Kennarasamband Íslands Krabbameinsfélag Íslands – Kvenfélagasamband Íslands – Kvenréttindafélag Íslands – Landvernd ríkisins – Leikfélag Reykjavíkur – Móðurmál Rótarý á Íslandi – Samhjálp kvenna – Samtök atvinnulífsins – Samtök kvenna af erlendum uppruna – Skógræktarfélag Íslands Skotturnar, kvennafrí – STÍL, samtök tungumálakennara – Útflutningsráð Íslands – Verkfræðingafélag Íslands – Yrkja – Zontasamband Íslands.

## KJÖRKASSINN



Deilir þú þeirri skoðun forsætisráðherra að full ástæða sé til bjartsýni af hálfu Íslendinga?

Já	45,6%
Nei	54,4%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu fylgst með sjónvarpsút-sendingum frá heimsmeistarakeppninni í fótbolta?

Segðu skoðun þína á visiris



6

## Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra telur óþarfi að gera mikið úr læknskorti hér á landi: Fólk bíður af sér kreppuna í útlöndum

**HEILBRIGÐISMÁL** Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra segir óþarfi að gera of mikið úr læknskorti hér á landi, þótt nokkuð sé um að læknafræðingur sé ekki heim úr námi vegna kreppunnar.

Hún segir Ísland búa svo vel að hér á landi séu fyrir fleiri læknafræðingum en víðasta hvar í nágrenni landsins. Á undanföllum árum hafi hún verið erfitt að finna mannskap í sérgreinum þar sem fyrir

eru aðeins einn eða tveir sérfræðingur í greininni.

„Þetta var svona líka fyrir kreppu, og því miður hefur ekki orðið nein breyting á því til hins betra. Stéttir sem hafa möguleika á að vinna erlendis og bæta við sig í námi notfæra sér það tækifæri auðvitað í kreppunni. Fólk er að bíða af sér kreppuna, en ég vona að þessi hópur komi svo galvaskur heim þegar fer að rofa til. Ég hef ekki heyrt neitt annað en að svo verði.“

„Ég er nú ekki viss um að þetta sé svona einfalt,“ segir Birna Jónsdóttir, formaður Læknafélags Íslands, en í grein í Læknafræðingum gagnrýnir hún Álfheiði fyrir að gera lítið úr þessum vanda.

Hún segir eðlilegt að fólk sé fimm til sjö ár úti í sérnámi, en reynslan sýni að þegar fólk dvelst þar meira en tíu ár minnki mjög líkur á því að fólk snúi nokkurn tímann heim aftur.

Þegar Birna er spurð hvað sé til ráða, segist hún þó ekki öfunda stjórnvöld: „Við liggjum bara á bæn um það að það verði hagvöxtur í lok árs. Ég sé ekki neitt annað sem snýr þessari þróun við.“ - gb



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR Birna Jónsdóttir, formaður Læknafélags Íslands, hefur gagnrýnt heilbrigðisráðherra fyrir að gera lítið úr vandanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Styrkir AlheimsAuðar:

### Þrjú verkefni hlutu styrki Auðar Capital

**STYRKIR** Góðgerðasjóður Auðar Capital, AlheimsAuður, veitti þremur verkefnum styrk á laugardag. Styrkjum var úthlutað í annað sinn en það er gert 19. júní ár hvert.

Þau verkefni sem hlutu styrk voru ABC barnahjálpi, Alnæmisbörn og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

AlheimsAuður er góðgerðasjóður sem er ætlaður til að hvetja konur til athafna og frumkvæðis, einkum í þróunarlandunum. Auður Capital leggur eitt prósent af hagnaði sínum á hverju ári í sjóðinn og gefst viðskiptavinum Auðar einnig kostur á að gera það.

- mmf



**ENDURTEKIN FLÓÐ** Margir hafa látist í flóðum í Brasilíu síðastliðið rúma árið.

Flóð í Norðaustur-Brasilíu:

### 20 manns látnir

**BRASILÍA** Um 20 manns hafa látist í flóðum í norðausturhluta Brasilíu og 50 þúsund manns flúið heimili sín. Nokkrar borgir eru án rafmagns og samgöngur liggja niðri víðast hvar en ástandið er verst í Rio de Janeiro-héraði.

110 manns létust í maí í héraðinu eftir flóð og aurskriður og í apríl í fyrra urðu mikil flóð sem hröktu hundruð þúsundir á flóttu og urðu rúmlega fjórtíu að bana. Flóðin þá voru þau verstu í Brasilíu svo áratugum skiptir.

- jma

## Drukknæði við að bjarga unnustunni

Franskur ferðamaður á þrítugsaldri lést í gjánni Silfru á Þingvöllum á laugardaginn. Svo virðist sem hann hafi misst út úr sér munnstykki á köfunarbúnaði í átökum við að losa unnustu sína, sem sat föst milli tveggja steina.

**SLYS** Franski kafarinn, sem lést í gjánni Silfru á Þingvöllum á laugardag, missti að öllum líkindum köfunarbúnaðinn í átökum við að bjarga unnustu sinni sem föst var í helli í gjánni.

Þetta er mat Tobias Klose, sem rekur fyrirtækið Dive.is, en hann tók þátt í björgunaraðgerðunum. Tobias talaði við unnustu mannsins, sem einnig er frönsk, þegar hún var komin upp úr gjánni. Hún sagðist hugsanlega hafa í óðagotinu sparkað í manninn sinn, sem var beint fyrir neðan hana í hellinum.

„Líklega hefur hún sparkað út úr honum munnstykkinu og hann ekki komið því upp í sig aftur. Það var lélegt skyggni og hann gat ekki andað, svo hann hefur líklegast drukknæði þarna, á ekki meira en um þriggja metra dýpi, og svo sokkið.“

Fólkið var á leið út úr helli ofan í gjánni þegar gervilunga sem konan hafði hangandi á sér klemmdist á milli tveggja steina. Leiðsögumaðurinn reyndi að losa hana, en þegar það gekk ekki fór hann upp og kallaði eftir hjálp.

Hann sneri aftur og náði að losa konuna, en þegar hún synti upp á yfirborðið var maðurinn hennar hvergi að sjá. Leiðsögumaðurinn fann manninn svo meðvitundarlausan á rúmlega þrjátíu metra dýpi. Þá hafði lungu hans og öndunargríma losnað.

Silfru er mjög vinsæl til sportköfunar, en þar kafa tugir manns á hverjum degi og fjöldi fyrirtækja býður ferðir þangað. Tobias segir Silfru ekki hættulegan stað til köfunar. Hins vegar séu þar hellar sem vanir leiðsögumenn í Silfru forðast, þar á meðal sá hellir sem kafararnir festust í.



Á SLYSSTAÐ VIÐ ÞINGVALLAVATNI Rannsóknardeild lögreglunnar í Árnessýslu rannsakar nú meðal annars hvort köfunarbúnaður mannsins sem lést í Silfru á laugardag hafi verið í lagi. MYND/FRIDRIK ÞÓR HALLDÓRSSON

Það var lélegt skyggni og hann gat ekki andað, svo hann hefur líklegast drukknæði þarna.

TOBIAS KLOSE  
EIGANDI DIVE.IS

Öryggismálum í sportköfun er mjög ábótavant hér á landi, að mati Jónínu Ólafsdóttur landfræðings, sem skrifaði lokaritgerð sína um málið. Í viðtali við Vísi.is í gær sagði hún hvorki

upplýsingaskilti né varasúrefni að finna við Silfru, þrátt fyrir alla umferðina um svæðið. Þá sé eftirliti með fyrirtækjum sem bjóða upp á sportköfun hér á landi ábótavant og reglugerðir úreldar.

Rannsóknardeild lögreglunnar í Árnessýslu rannsakar nú slysið og hefur köfunarbúnað mannsins til skoðunar. Hjá henni var engar frekari upplýsingar um gang rannsóknarinnar að fá í gærkvöldi, aðrar en þær að rannsókninni miðaði vel.

holmfridur@frettabladid.is

## Eigum hágæða parket frá Parador á lager

Parador  
Eik þriggja stafa parket  
Verð 4.988 kr. m<sup>2</sup>

ENDINGAR-  
GÓÐ ÞÝSK  
GÆÐAVARA

Parador  
Eik plankaparket  
Verð 9.990 kr. m<sup>2</sup>

Bjódum fjölbreytt úrval af parketi frá Parador. Einfalt smellukerfi, auðvelt að leggja. Komdu í heimsókn í Ármúla 32 eða hafðu samband í síma 568 1888. Við hjálpum þér að finna rétta gólfefnið.

PARKET  
& GOLF

PARADOR  
luxury flooring concepts

Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 568 1888 · Fax 568 1866 · www.pog.is

Svíar fylgdust með konunglegu brúðkaupi á laugardag þrátt fyrir skiptar skoðanir:

## Stuðningurinn dvínar hratt

**SVÍPÍJÓÐ, AP** Viktoría Svíaprinsessa gekk að eiga fyrrverandi einkabjálfa sinn, Daniel Westling, við hátíðlega athöfn í Dómkirkju Stokkhólms á laugardaginn.

Fjöl margir Svíar fylgdust spenntir með fréttaplutningi af athöfninni, þrátt fyrir að stuðningur Svía við konungsfjölskylduna hafi dvínað mjög.

Samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum styður innan við helmingur Svía konungsfjölskylduna, en fjórðungur telur konungsfyrirkomulagið slæmt fyrir landið.

- gb

**NÝGIFT** Viktoría krónprinsessa ásamt sínum heitelskaða Daniel Westling strax að brúðkaupi loknu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Beint flug allt að 160 sinnum í viku til 27 áfangastaða.

+ Bókaðu flug á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)



## ÞEGAR VIÐ FERÐUMST LÆRUM VIÐ SVO MARGT

TIL DÆMIS AÐ MATURINN HENNAR MÖMMU  
ER EKKI ALLTAF BESTUR.

Eitt af því sem fullkomnar ferðalagið er að borða góðan mat. Og jafnvel þótt maturinn sé ekki góður þá er framandi málsverður á ókunnnum stað hluti af lífsreynslunni sem maður öðlast á ferðalagi.

Og þegar heim er komið hefur heimurinn stækkað og er kannski aðeins skemmtilegri. En það er sama hvert við ferðumst, hversu langt, hvenær við komum til baka:

VIÐ ERUM FRÁ ÍSLANDI

ICELANDAIR





1. Hvenær er stefnt að því að hefja siglingar frá Landeyjahöfn?
2. Hver var yfirskrift alþjóðadags flóttamanna sem haldinn var í gær?
3. Hvað heitir þrjónalistahátíðin sem stendur yfir í Norræna húsinu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur safnar fyrir alþjóðlega tungumálamiðstöð:

# Þrjú þúsund fermetra bygging áformuð

**MENNTAMÁL** Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hyggst efla starfsemi sína með því að koma á fót alþjóðlegri tungumálamiðstöð. Ætlunin er að austan við Háskólabíó rísi þrjú þúsund fermetra hús sem muni hýsa áður nefnda miðstöð, auk Vigdísarstofu, fyrirlestrasal og aðstöðu og heimasvæði fyrir alla kennslu og rannsóknir í þeim erlendu tungumálum sem kennd eru við Háskóla Íslands auk færeysku, grænlensku og samísku.

Markmiðið með tungumálamiðstöðinni er að vekja fólk til vitundar um mikilvægi tungumála sem og að heiðra framlag Vigdísar til tungumála. Í miðstöðinni á að vera fræðslu- og upplifunarsetur sem verður opið almenningi sem vill fræðast um erlend

tungumál og ólíka menningarheima.

Til að þessi áform geti orðið að veruleika hefur fjársöfnunarátaki verið hleypt af stokkunum sem ber yfirskriftina Látum verkin tala, þar sem einstaklingar, fyrirtæki og samtök geta styrkt verkefnið með því að hringja inn í sérstök styrktarsímanúmer eða með framlögum inn á bankareikning, 0137-26-000476, kennitala 600169-2039. Tilgreina þarf verkefnisnúmerið: 137567. Átakið stendur til 29. júní en vonast er til að það takist að fullfjármagna verkefnið á árinu.

**ÞRÍJÁTÍU ÁRA KOSNINGAAFMÆLI** Söfnunarátakið stendur til 29. júní, en þá verða 30 ár liðin frá því að Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti lýðveldisins.



**FRYSTIVARA**

ilmandi **HEIMABAKSTUR** ljúffengt

**KEX smiðjan**

## Kanilsnúðar

Íslenskur gæðabakstur - Tilbúinn í ofninn

**5 min**

# Gæti þurft að stefna viðskiptavinunum

Óvissa ríkir um vexti á gengistryggðu lánunum sem dæmd voru ólögmæt um miðja síðustu viku. Tvö sjónarmið hafa verið sett fram um það álitamál, annað er sagt byggja á niðurstöðu dómsins en hitt á lögum um vexti og verðtryggingu.

**FJÁRMÁL** „Ef fjármálafyrirtækin bera fyrir sig þessar röksemdir munu þau mögulega láta reyna á þær fyrir dómstólum og fá úr því skorið hvernig samningurinn eigi að vera,“ segir Ólafur Rúnar Ólafsson, héraðsdómslögmaður hjá Pacta lögmannum. Lögfræðingar eru ekki sammála um túlkun dóms Hæstaréttar varðandi ákvörðun vaxtakjara á þeim lánunum sem voru gengistryggð og dæmd ólögmæt um miðja síðustu viku. Tvö sjónarmið hafa komið fram varðandi vaxtaákvörðunina, annars vegar að miðað verði við vextina sem þegar eru skilgreindir í samningnum og er það skoðun Ólafs Rúnars og hins vegar að lánin verði leiðrétt eftir lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu þannig að vextirnir verði ákveðnir samkvæmt 4. grein laganna og miða beri við vaxtatöflu Seðlabankans um lægstu óverðtryggðu vexti.

„Ég sé þetta þannig að í 18. gr. vaxtalaga er ákvæði um hvernig þetta virkar afturvirk,“ segir Aðalsteinn Egill Jónasson, hestaráttarlögmaður og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík. „Að mínu mati eru brostnar forsendur fyrir samningsvöxtunum við ógildingu gengistryggingarinnar. Ef samningur um vexti og annað endurgjald, og verðtrygging er til dæmis annað endurgjald, er ógildur þá eigi uppgjör milli skuldara og kröfuhafa varðandi endurgreiðslu að miða við 4. gr. laganna. Þar er vísað í þessa Seðlabankavexti sem eru birtir samkvæmt 10. gr. vaxtalaga.“

Aðalsteinn segir að löggjöfin sé skýr á þessu sviði og að ákvæði 18. gr. vaxtalaga sé ætlað að koma í veg fyrir að skuldarinn hagnist. „Skuldarinn á bara að greiða þá lágmarksvexti sem miðað er



**BÍLAR Á HAFNARBÁKKANUM** Tekist er á um hvort vextir af gengistryggðum bílálánunum eigi að vera óbreyttir eða miða við vaxtatöflu Seðlabankans.

## Skoða verður hvern samning fyrir sig

„Ef höfuðstóll láns hefur verið skilgreindur í íslenskum krónum og það hefur verið greitt út til lántakandans í íslenskum krónum og hann greitt til baka í íslenskum krónum þá held ég að þessir dómur hafi fordæmisgildi gagnvart öllum slíkum lánunum, alveg sama hvers kyns þau eru,“ segir Aðalsteinn Egill Jónasson, hestaráttarlögmaður og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, um fordæmisgildi hestaráttardómanna tveggja um gengistryggingu lána sem féllu um miðja síðustu viku.

Aðalsteinn segir þó að skoða verði hvern og einn samning. „Í sumum samningum, sérstaklega í fyrirtækjasmningunum, var notast við annars konar orðalag. Lánið var ekki skilgreint beint í krónum heldur var til dæmis sagt „að jafnvirði“ og lánið greitt út í erlendum gjaldmiðli. Það er óleyst. Að mínu mati hafa dómarnir ekki fordæmisgildi gagnvart slíkum lánsamningum.“

Að sögn Aðalsteins mun ekki þurfa að fara með hvert einasta mál fyrir dómstóla en að reyna muni á um það bil tvær til þrjár tegundir samninga í viðbót. „Þá held ég að lánin verði nokkurn veginn komin. Það fer ekki hver einasti lántaki með sín mál fyrir dómstóla. Það er alveg klárt í mínum huga.“

við samkvæmt vaxtalögnum.“ Þessu er Ólafur Rúnar ekki sammála. „Flestar reglur sem heimila breytingar á samningum miða að því að verja fólk gegn ósanngjörnum einhliða samningsskilmálum,“ segir Ólafur Rúnar og bætir við að samningurinn sé ekki ógildur í heild. „Það er ákvæðið um

gengistrygginguna sem er ógilt. Ég tel að samningurinn sé í gildi að öðru leyti. Dómurinn kveður ekki á um neitt annað. Dómurinn hljóðar ekki upp á að það eigi að breyta samningnum,“ segir Ólafur Rúnar en engin varakrafa var gerð þar að lútandi í málinu.

martaf@frettabladid.is

## Júnítilboð

**Lóritín**

10 stk. **389 kr.**

30 stk. **985 kr.**

**Apótekið** Apótekið Hólagarði, Apótekið Spöng, Apótekið í Hagkaupshúsinu Skeifunni og á Akureyri

# VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

Kosningar til hreppsnefndar í Reykhólahreppi úrskurðaðar ógildar:

# Íbúi Flateyjar kærði kosningarnar

**KOSNINGAR** Endurtaka þarf sveitarstjórnarkosningar í Reykhólahreppi þar sem nefnd, skipuð af sýslumanninum á Patreksfirði, hefur úrskurðað kosningarnar ógildar. Samkvæmt niðurstöðu nefndarinnar lét kjörstjórn hjá líða að kynna komandi sveitarstjórnarkosningar og fyrirkomulag þeirra fyrir íbúum eyja á Breiðafirði.



**GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON**

Íbúi í Flatey kærði framkvæmd kosninganna en þar eru sjö kjós-

„Eftir því sem ég fæ best séð er þetta ein birtingarmyndin af því sem getur gerst þegar sveitarfélög eru sameinuð

**GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON** STJÓRN MÁLAFRÆÐINGUR

endur með lögheimili. Í kosningunum greiddu 129 manns atkvæði, eða 62%, og athygli vakti að ekki kom neitt utanþingfundarátkvæði upp úr kössunum.

„Ég man ekki í fljótheitum eftir því að viðlíka hafi gerst áður, að

minnsta kosti ekki af sams konar tilefni. Eftir því sem ég fæ best séð er þetta ein birtingarmyndin af því sem getur gerst þegar sveitarfélög eru sameinuð og afskekktur partur af sveitarfélaginu gleymist,“ segir Grétar Þór Eypórsson, stjórnsmálaráfræðingur. „Þó eru til dæmi um atvik sem eru minni háttar en þessi, eins og þegar sveitarfélagið Árborg varð til og það gleymdist að kveikja á jólatrénu á Stokkseyri. Þetta segir manni að þegar svona sameiningar eru verður fólk í stjórnsýslu sveitarfélagsins að vanda sig þar sem eftir nægu er að muna.“ Fráfarandi hreppsnefnd mun starfa uns nýjar kosningar hafa farið fram. -jma



# FJÖLSTILLANLEGG HEILSURÚM



FJÖLSTILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ ERGOMOTION KOMIN AFTUR.  
**NÚ Á 20% AFSLÆTTI!**

**ERGOMOTION 400**  
með þrjústíjfnunardýnum (2x80x203)  
Verð 676.432 kr.  
**NÚ 541.146 kr.**  
= 20% AFSLÆTTUR



#### ERGOMOTION 400 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttbordinu.
- Lyftigetan er gíflurleg þar sem í botninum eru 2 mótórar. Einn fyrir höfuðgaff og annar fyrir fótgaff.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hjóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 400 línan er með öflugri nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótórum og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpssemi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðu. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóðak og axlir.

**ERGOMOTION 100**  
með þrjústíjfnunardýnum (2x80x203)  
Verð 503.698 kr.  
**NÚ 402.958 kr.**  
= 20% AFSLÆTTUR



#### ERGOMOTION 100 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttbordinu.
- Lyftigetan er gíflurleg þar sem í botninum eru 2 mótórar. Einn fyrir höfuðgaff og annar fyrir fótgaff.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hjóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótórum og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.

**ERGOMOTION ERGOSPORT**  
með þrjústíjfnunardýnum (2x97x203)  
Verð 396.000 kr.  
**NÚ 316.800 kr.**  
= 20% AFSLÆTTUR



#### ERGOMOTION ERGOSPORT

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttbordinu.
- Lyftigetan er gíflurleg.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hjóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótórum og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.
- Ein besta þrjústíjfnunardýna sem er fánleg er í dag fylgir botninum.

ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI STÆRDIR AF ERGOMOTION HEILSURÚMUM OG FLEIRI TEGUNDIR AF HEILSUDÝNUM FYRIR ÞAU.

COMFORT solutions®

By King Koil®



**HÁGÆÐA AMERÍSK  
HEILSURÚM Í 112 ÁR**

King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 111 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. Í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).



rekkjan



**ANNAR MED BYSSU, HINN MYNDAVÉL**  
Tveir Ísraelar, annar hermaður en hinn ljósmyndari, fylgjast með hópi mótmælenda í bænum Nabi Saleh, skammt frá Nablus á Vesturbakkanum.  
NORDICPHOTOS/AFP

Lagaleg sérstaða Íslands:

## 50 þingmenn samþykktu fjölmiðlafríríki

**ALÞINGI** Alþingi samþykkti samhljóða tillögu upplýsingavefsins Wikileaks um að búa til alþjóðlegt „fjölmiðlafríríki“ á Íslandi í liðinni viku.

Fimmtíu þingmenn greiddu atkvæði með tillögunni og var hún samþykkt vegna afgerandi lagalegrar sérstöðu Íslands varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsi.

Meginástæða tillögunnar var birting RÚV í ágúst 2009 á lána-bók Kaupþings, sem upprunalega var lekið í Wikileaks.

I tillögunni var lagt til að Alþingi fæli ríkisstjórninni að leita leiða til að styrkja tjáningar- og málfrelsi, miðlun og útgáfufrelsi.

- sv

Svartfoss siglir á umráðasvæði rússneska hersins á Kólaskaga:

# Sigla vikulega til Petsjenga á Kólaskaga

**SAMGÖNGUR** Svartfoss, skip Eimskips í Noregi, siglir vikulega til Petsjenga-flóa á Kólaskaga. Svæðið hefur þar til fyrir skömmu verið lokað öðrum en Rússlandsher og lýtur stjórn hans, að því er BarentsObserver.com greinir frá.

Petsjenga er um 20 kílómetra austur af landamærum Noregs og Rússlands, en Svartfoss hefur sinnt strandsiglingum upp með strönd Noregs og starfar innan ramma áætlunar Evrópusambandsins að nafni Northern Maritime Corridor (NMC) verkefnið og er ætlað að auðvelda siglingar milli Evrópu og hafna í Norðvestur Rússlandi. Skipið hefur farið þrjár ferðir til Petsjenga og

hefur viðkomu þar í vikulegum siglingum til Múrmansk.

Haft er eftir Trond Lorentzen, talsmanni Eimskips í Noregi, að norðurhluti og þá sér í lagi norðvesturhluti Rússlands sé vaxtar-svæði í siglingum.

„Fyrir tveimur árum stefndum við á að koma við í Múrmansk þriðju hverja viku. Núna komum við þangað vikulega og erum til þessa eina vestræna skipafélagið sem hefur þar reglulega viðkomu,“ er eftir Trond haft á BarentsObserver.com. Hann furðar sig á að önnur skipafélög hafi ekki stokkið á tækifærið að komast í tengsl við Rússlandsmarkað í gegn um Múrmansk.

- óká



**SVARTFOSS** Eimskip í Noregi fékk systurskipin Svartfoss og Storfoss afhent ný árið 2006.

Stefnt að stórauðnu samstarfi háskólanna:

## Fyrsta skref sameiningar

**MENNTUN** Sumarið verður nýtt í að stofna net sem verður nokkurs konar yfirhatur yfir alla fjóra opinberu háskólana. Hugmyndir um sameiningu Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík náðu ekki fram að ganga. Þess í stað verður samstarf allra skólanna stórauð.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að stofnað verði net, líkt og þekkist í Skotlandi og í Bandaríkjunum, og háskólarnir muni starfa saman. Af því verði samlegðaráhrif. Spurð hvort þetta sé fyrsta skrefið í átt til sameiningar segir hún að það sé hugsanlegt.

„Þarna verður til öflugra net í anda samstarfs sem hugsanlega leiðir til sameiningar. Markmiðið er þó að það verði öflugt starf á öllum fjórum stöðunum.“

Tillögurnar hafa verið kynntar í ríkisstjórn en svo þær geti orðið að veruleika þarf lagabreytingar.



**MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Katrín Jakobsdóttir segir aukið samstarf opinberu háskólanna geta leitt til sameiningar í framtíðinni.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mismunandi lög gilda um skólana, þannig fellur Háskólinn á Hólum undir búnaðarlög en hinir undir lög um háskóla. Auk Hólaskóla nær þetta til HÍ, HA og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Katrín segir að með þessa sé hægt að samhæfa kennslu og nýtingu á stofnhjónustu. Með tillögunum er verið að fylgja ráðgjöf erlendra sérfræðinga.

- kóp



**ÁLFTANES** Fjármálin eru í flækju og spara þarf meira en hægt er að gera án þess að skerða þjónustu frekar en orðið er, segir fjárhaldsstjórnin sem skipuð var til handa Sveitarfélaginu Álfanesi.  
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hafa greitt of mikið í laun og rekstur

Fjárhaldsstjórn Álfanes boðar aukinn sparnað í rekstri. Mikill launakostnaður og hár rekstrarkostnaður skóla á síðustu árum sker sig úr í samanburði við nágrannasveitarfélögin.

**SVEITARSTJÓRNIR** Fjárhaldsstjórn Álfanes hefur gert nýja fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið þar sem gengið er út frá verulega auknum sparnaði á næstu árum frá því sem sveitarfélagið sjálft og endurskoðunarskrifstofan KPMG gerðu ráð fyrir í janúar.

Drög að greinargerð með nýju áætluninni voru lögð fram í bæjarstjórn Álfanes á síðasta fundi fyrir kosningar. „Þegar rekstur Sveitarfélagsins Álfanes er skoðaður er einkum tvennt sem sker sig úr í samanburði við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Annars vegar mjög mikill launakostnaður sveitarfélagsins, sem hefur farið vaxandi milli ára, og hins vegar mikill rekstrarkostnaður grunn- og leikskóla,“ segir í drögunum.

Fjárhaldsstjórnin segir að á árinu 2008 hafi launakostnaður sem hlutfall af tekjum verið 65,5 prósent á Álfanesi. Sama hlutfall hafi verið 49,3 prósent hjá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu á þessum tíma. Hlutfallið náði hámarki á Álfanesi árið 2009 þegar það fór upp í 72,2 prósent. Í nýrri áætlun fjárhaldsstjórnarinnar á hlutfall launakostnaðar af tekjum að verða komið niður í 52,7 prósent á árinu 2012. Það er sama hlutfall og var árið 2004.

Fjárhaldsstjórnin segir að nokkuð hafi verið um launagreiðslur umfram kjarasamninga á Álfta-

**60,5%**

Rekstrar-kostnaður skólanna á Álfanesi

var 60,5 prósent af skatttekjum miðað við 43,5 prósent í nágrannasveitarfélögunum.

nesi. Sérstaklega eru nefnd dæmi um óvanalega miklar greiðslur fyrir yfirvinnu á leiksskólum og tvöfalt hærri greiðslur fyrir ræstingu leiksskólanna en ný uppmæling segi til um.

Um háan rekstrarkostnað skólanna á Álfanesi segir að sem hlutfall af skatttekjum hafi hann verið 60,5 prósent á Álfanesi miðað við 43,5 prósent í nágrannasveitarfélögunum.

Framtíðarskuldbindingar Álfanes við Eignarhaldsfélagið Fasteign, Búmenn hsf. og Ris ehf. eru virtar á 4.066 milljónir króna. 10 prósent álag á útsvar og 0,4 prósent fasteignaskattur þurfi að vera í gildi fram yfir árið 2015 eigi Álfanesi að takast að mynda einhvern afgang til að standa undir leigugreiðslum sveitarfélagsins. Auk þess verði að hagræða meira í rekstrinum. Það sé mat fjárhaldsstjórnarinnar að hægt sé að ná fram þeim rekstrarbata án þess að skerða frekar þjónustu en þegar hafi verið gert í sveitarfélaginu.

gar@frettabladid.is

# A HUMAN MIND AS AN UPSIDE-DOWN BRAIN

Bandaríski heimspekingurinn Daniel C. Dennet heldur fyrirlestur í Háskólanum í Reykjavík, **mánudaginn 21. júní** kl. 16:00, sem ber yfirskriftina, “A human mind as an Upside-down brain”.



Dennet er með þekktari fyrirlesurum samtímans og mikilvirkur fræðimaður á sviði heimspeki hugans, vísindaheimspeki og hagrænna vísinda (e. philosophy of mind, philosophy of science, cognitive science). Dennet hefur einnig fjallað mikið um þróunarkenningu og trúmál.

Fyrirlesturinn verður haldinn húsnæði Háskólans í Reykjavík í Nauthólsvík, Bellatrix (stofu M1.01).

**ALLIR VELKOMNIR!**



www.hr.is

## Lögreglan á Vestfjörðum: Brotum fjölgaði

**LÖGREGLUMÁL** Bæði hegningarlaga-  
brotum og umferðarlagabrotum  
fjölgaði hjá lögreglunni á Vest-  
fjörðum í maí. Þetta kemur fram á  
vef Bæjarins besta.

Alls voru skráð 24 hegningar-  
lagabrot hjá umdæminu í maí en  
þau voru tíu í fyrra og 20 árið  
2008. Umferðarlagabrotum hafði  
fjölgað mikið frá fyrra ári en þau  
voru 51 í síðasta mánuði en 30 árið  
áður. Það eru þó færri umferðar-  
lagabrot en í maí árið 2008 þegar  
þau voru 106 talsins. Ekkert fíkn-  
efnalagabrot var skráð í maí í ár  
eða í fyrra en tvö komu inn á borð  
lögreglunnar fyrir tveimur árum.



**LUNDI** Ferðalangar voru í lundaskoðun  
þegar bát steytti á sker.

Bátur strandaði við Akurey:

## Héldu náttúru- skoðun áfram

**SLYS** Hjörtur Hinriksson, eigandi  
bátsins sem strandaði við Akurey  
á laugardag, segir litla hættu hafa  
verið á ferðum. Ferðamönnum  
hafi verið bjargað í annan bát í  
eigu fyrirtækisins og þeir haldið  
áfram hvalaskoðun.

Bátur fyrirtækisins Puffin  
Express, Skúlaskeið, strandaði  
við Akurey en um borð var hópur  
ferðalanga í lundaskoðunarferð.  
„Það varð engin vélarbilun, við  
vorum bara að lóna í kringum  
eyjuna að skoða lunda þegar við  
rekum á þetta sker. Sem betur  
fer var einn af bátum okkur í  
grendinni og því tókst að ferja  
ferðamennina yfir á hann,“ sagði  
Hjörtur.

Spurður hvort strandið hafi  
verið áfall fyrir ferðamennina  
segir Hjörtur svo ekki vera: „Þeim  
brá nú ekki meira en það að þau  
fóru í hvalaskoðun strax á eftir.“

- sb

Hvalveiðar umdeildar:

## Segja hvalveið- ar ljón í vegi ESB-aðildar

**BRUSSEL** Hvalveiðar Íslendinga  
gætu orðið þröskuldur á vegi  
þjóðarinnar að inngöngu í Evr-  
ópusambandið, samkvæmt frétt  
AFP-fréttastofunnar í dag. Erlend-  
ir fjölmiðlar fjölluðu margir um  
hvalveiðar Íslendinga í gær en  
fundur Alþjóðahvalveiðiráðsins  
hefst í dag. Í frétt AFP er haft eftir  
ónafngreindum heimildarmanni í  
Brussel að ef Ísland haldi veiðum  
sínunum áfram muni það hafa alvar-  
legar pólitískar afleiðingar. Ísland  
uppfylli flest öll skilyrði aðildar  
að fullu en hvalveiðarnar séu þar  
þrándur í götu þjóðarinnar.

Síðan hvalveiðibannið var sett  
á hafa yfir 33 þúsund hvalir verið  
veiddir samkvæmt frétt AP um  
málið.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Einn á ofsahraða

Ökumaður sem ók á 147 kílómetra  
hraða á klukkustund á Vesturlands-  
vegi við Víkurveg á föstudagskvöld var  
sviptur ökuréttindum á staðnum.

#### Þrjár stútar

Þrjár voru handteknir aðfaranótt  
laugardags fyrir að aka drukkni. Sá  
fyrsti var stöðvaður eftir miðnætti á  
Bústaðavegi og var ökuréttindalaus.  
Annar var stöðvaður í Tryggvagötu og  
var líka án ökuréttinda. Sá þriðji var  
stöðvaður eftir að hafa ekið á bifreið í  
Pósthússtræti á sjötta tímanum.

Úthlutað úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla Íslands:

## Afreksstúdentar styrktir

**MENNTAMÁL** Tólf nýstúdentar hlutu í liðinni viku styrk  
úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla  
Íslands. Um er að ræða styrki til nemenda sem náð  
hafa afburðaárangri á stúdentsprófi og innritast í  
Háskóla Íslands. Þetta var þriðja árið sem úthlutað er  
úr sjóðnum.

Hver styrkur nemur 300 þúsund krónum auk þess  
sem 45 þúsunda króna skráningargjald í háskólann er  
fellt niður fyrir nemendurna.

Við val á styrkhöfum er einkum tekið mið af fram-  
úrskarandi námsárangri á stúdentsprófi en einnig er  
horft til virkni í félagsstörfum og árangurs stúdenta á  
öðrum sviðum svo sem í listum og íþróttum, að því er  
segir í fréttatilkynningu frá háskólanum.

Í hópi styrkþega voru sex dúxar en flestir stúdent-  
anna stefndu að námi við raunvísindadeild.

- mpl



**STOLTIR STYRKHAFAFAR** Athöfnin fór fram á Háskólatorgi  
Háskóla Íslands.



**KEPPT Í FLUGKÚNSTUM** Á degi flugsins  
í Kiev, höfuðborg Úkraínu, kepptu 39  
lið í því að fljúga sem lengst á kostu-  
legum heimatilbúnum flugfarkostum.

NORDICPHOTOS/AFP



## MÁL AÐ FLYTJA

Landslög – lögfræðistofa og LM lögmenn hafa sameinað krafta sína undir  
merkjum Landslaga. Með sameiningunni aukum við faglegan styrk stofunnar  
og möguleika á að takast á við fjölbreyttari verkefni.

Við flytjum um leið starfsemi okkar í nýtt húsnæði að Borgartúni 26. Þar  
vonumst við til að geta veitt umþjófendum okkar enn betri þjónustu en áður.  
Engar breytingar verða þó á rekstri stofunnar í Reykjanesbæ.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar landslog.is.

**LM Lögmenn**



**LANDSLÖG**  
LOGFRÆÐISTOFA

Landslög Borgartúni 26 · 105 Reykjavík  
Sími 520 2900 · Fax 520 2901

Hafnargötu 31 · 230 Keflavík  
Sími 421 1733 · Fax 421 4733

www.landslog.is  
landslog@landslog.is

## FRÉTTASKÝRING: Breytt lög um fjármálafyrirtæki

## Innra eftirlit aukið

Ein af niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis var að brýn þörf væri á að skýra lagagrundvöll um innra eftirlit fjármálafyrirtækja.

Í nýjum lögum er skert á reglum um innri endurskoðun í fjármálafyrirtækjum. Fjármálafyrirtæki, önnur en verðbréfamíðlanir og rafeyrisfyrirtæki, skulu nú hafa starfandi endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Skal deildin gera FME grein fyrir niðurstöðum kannana sinna eigi sjaldnar en árlega.

Fjöldi starfsmanna skal endurspegla stærð fyrirtækisins og settar eru reglur um menntun og reynslu yfirmanns slíkrar deildar.

Að auki getur FME nú sett reglur um framkvæmd áhættustýringar og stöðu þeirra sem framkvæma hana. Framkvæmd áhættustýringar í gömlu bönkunum var líka gagnrýnd í rannsóknarskýrslu Alþingis.

## Meiri kröfur til stjórnarmanna

Ákveðnar breytingar eru gerðar á hæfisskilyrðum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í fjármálafyrirtækjum. Meðal nýmæla mega stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis ekki hafa hlotið dóm vegna brota á samkeppnislögum eða sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, þar á meðal lögum um fjármálafyrirtæki.

Lögð eru til þrengri og skýrari ákvæði um fjárhagsstöðu, menntun, starfsreynslu og starfsferil en áður, en jafnframt er gert ráð fyrir að bæði stjórnarmenn og framkvæmdastjórnari fari í sérstakt hæfismat hjá FME.

## Umtalsverðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki

Umtalsverðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki voru samþykktar á Alþingi. Gera má ráð fyrir að lögin breyti starfsumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja mikið í kjölfarið. Meðal breytinga er að Fjármálaeftirlitinu (FME) eru gefnar auknar valdheimildir, settar eru ýmsar skorður við lánveitingum fjármálastofnana og reglur um stórar áhættuskuldbindingar eru þrengdar.

Ný lög um fjármálafyrirtæki voru samþykkt á Alþingi síðasta laugardag en um er að ræða umtalsverðar breytingar frá fyrri lögum.

Lagafrumvarpið var lagt fram af Gylfa Magnússyni, efnahags- og viðskiptaráðherra, en var samið af nefnd sem skipuð var af Björgvini G. Sigurðssyni, þáverandi viðskiptaráðherra, í kjölfar bankahrunsins haustið 2008.

Beindust augu manna að því hvort eitthvað í innlendu regluverki kynni að hafa brugðist eða hvort bæta mætti virkni þess, ekki síst með það að markmiði að komið yrði í veg fyrir að sambærilegir



BREYTT STARFSUMHVERFI Starfsumhverfi fjármálafyrirtækja á Íslandi breytist umtalsvert með nýjum lögum.

erfiðleikar endurtækju sig, að því er fram kemur í athugasemdum við frumvarpið.

Var hugað sérstaklega að því hvort tilefni væri til að endurskoða ákvæði um lán og viðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækja við slík fyrirtæki. Jafnframt var stuðst við skýrslu um lagaumhverfi og framkvæmd fjármálaeftirlits á Íslandi sem finnski bankaeftirlitsmaðurinn Kaarlo Jännäri samdi fyrir ríkisstjórn Íslands og skilaði í mars 2009.

„Ég held að þetta sé mjög stórt skref fram á við og að við getum á grundvelli þessara laga treyst því að við séum komin með nokkuð

Ég held að þetta sé mjög stórt skref fram á við og að við getum á grundvelli þessara laga treyst því að við séum komin með nokkuð góða umgjörð um fjármálakerfið.

GYLFI MAGNÚSSON  
EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

góða umgjörð um fjármálakerfið. Hún er þó ekki endanleg, það er ýmislegt sem á eftir að skoða og það verður gert,“ sagði Gylfi Magnússon og bætti því við að

þessar breytingar væru í stórum dráttum í samræmi við það sem hefði verið að gerast erlendis.

Spurður hverjar hann teldi mikilvægustu breytingarnar svaraði Gylfi: „Það sem skiptir mestu máli eru þær skorður sem settar eru við lánveitingum banka, sérstaklega lán með veði í eigin bréfum eða bréfum annarra fjármálafyrirtækja og lán eða önnur fyrirgreiðsla til tengdra aðila.“

Gylfi sagðist reikna með því að frekari breytingar yrðu gerðar á lagaumhverfi fjármálafyrirtækja á haustþingi. Jafnframt yrðu lög um Seðlabankann og FME skoðuð.

magnusl@frettabladid.is

Stöðvar blóðnasir!

Heildsala: Cetus ehf.

Íslenska flóran í Elliðaárdal

Orkuveitan efnir til göngu- og fræðsluferðar í Elliðaárdal undir leiðsögn Guðríðar Helgadóttur, líffræðings, þriðjudagskvöldið 22. júní.

Skoðað verður margbreytilegt gróðurfar í dalnum, blómplöntur og byrkningar. Þátttakendur eru hvattir til að hafa með sér stækkunargler. Gangan hefst kl. 19:30 við Minjasafn Orkuveitunnar í Elliðaárdal.

Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

Athugið að efni dagsins getur ríðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar.

www.oris

## Dregið úr áhættu fyrirtækja

## Bann við lánum með veði í eigin bréfum

Fjármálafyrirtækjum er nú óheimilt að veita lán sem eru tryggð með veði í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum útgefnum af þeim sjálfum. Sama gildir um aðra samninga sé undirliggjandi áhætta á eigin bréf.

Slíkar lánveitingar voru algengar í íslensku bönkunum og þá sérstaklega Kaupþingi árin fyrir bankahrunið, að því er fram kemur í rannsóknarskýrslu Alþingis, og veiktu getu fjármálakerfisins til þess að standa af sér áföll. Dæmi þess voru fjölmörg að eignarhaldsfélög fengu lán til hlutabréfakaupa með veðum í bréfnum sem skyldu keypt. Slíkar lánveitingar hafa í för með sér að ef bréfin lækka í verði tapar eigandi félagsins engu en ef þau hækka græðir hann. Áhætta lántakandans er því engin en bankans mikil.

## Reglur um stórar áhættur þrengdar

Reglur um stórar áhættuskuldbindingar eru skýrðar og þrengdar. Áhætta vegna eins viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna má framvegis ekki fara fram úr 25 prósentum af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis. Sé lánveiting vegna móður- eða dótturfélags fjármálafyrirtækis skulu mörkin vera 20 prósent. FME getur hins vegar tilgreint lægri hlutföll fyrir einstök fyrirtæki.

Leiki vafi á því hverjir teljist til hóps tengdra aðila er fjármálafyrirtæki skylt að tengja aðilana saman nema viðkomandi fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á hið gagnstæða.

Samanlagt má stór áhætta fyrirtækis ekki fara yfir 800 prósent af eiginfjárgrunni en með stórrí áhættu er átt við áhættu sem nemur 10 prósentum eða meira af eiginfjárgrunni.

## Lán til starfsmanna takmörkuð

Fjármálafyrirtækjum er nú óheimilt að veita lán eða aðra fyrirgreiðslu til stjórnarmanns, lykilstarfsmanns eða þess sem á virkan eignarhlut í því nema gegn traustum tryggingum. Það sama gildir um aðila í nánnum tengslum við framangreinda. FME er falið viðtækara eftirlit en áður með slíkum viðskiptum.

Enn fremur er samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra nú háður samþykki stjórnar viðkomandi fyrirtækis. Ákvörðun stjórnar skal bókun og tilkynnt FME. Það sama gildir um viðskipti við þá sem eru í nánnum tengslum við framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis.

## Reglur um hvatakerfi og kaupauka

FME skal setja reglur um kauprétti og kaupaukagreiðslur fjármálafyrirtækja. Fjármálafyrirtækjum er áfram heimilt að veita slík hlunnindi en taka skal tillit til heildarafkomu fjármálafyrirtækis yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar. Áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi skulu færð til gjalda á hverju ári og sérstaklega gerð grein fyrir þeim í skýringum með ársreikningi.

Fjármálafyrirtæki er nú óheimilt að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra eða annan lykilstarfsmann nema hagnaður hafi verið af rekstri fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár af starfstíma hans.

Starfslokasamningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í tólf mánuði eftir starfslok.

## Auknar heimildir Fjármálaeftirlitsins

Þeim ákvæðum þar sem FME fær heimildir til að leggja mat á rekstur eða hegðun eftirlitsskylds aðila er fjölgað en þetta var ein af tillögnum sem birtust í skýrslu Kaarlo Jännäri. Meðal nýrra heimilda FME eru:

- FME er heimilt að takmarka starfsemi einstakra starfsstöðva fjármálafyrirtækja telji það sérstaka ástæðu til. Því er enn fremur heimilt að setja starfsstöðvum sérstök skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi.
- FME getur sett reglur um framkvæmd áhættustýringar, stöðu þeirra sem framkvæma áhættustýringu, og um eftirlitakerfi vegna áhættuþátta í starfsemi slíkra fyrirtækja.
- FME er heimilt að krefja fjármálafyrirtæki um upplýsingar um skuldbindingar sínar telji það að lántökur einstaks aðila geti haft kerfislæg áhrif.
- FME leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhluta (það er beina eða óbeina hlutdeild í félagi sem nemur 10 prósentum eða meira) sé hæfur til að eiga eignarhlutann.
- Leiki vafi á því hver sé eða verði raunverulegur eigandi virks eignarhluta skal FME telja viðkomandi óhæfan til þess að fara með eignarhlutann.



FJÁRMÁLAFTIRLITIÐ Þeim ákvæðum er fjölgað þar sem FME fær heimildir til að leggja mat á rekstur eða hegðun fjármálafyrirtækja.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

- FME skal setja reglur um hvað teljast eðlilegir viðskiptahættir.
- Heimildir FME til að leggja stjórnvaldssektir á þá sem gerast brotlegir gegn lögum um fjármálafyrirtæki eru auknar.

**Handþeytari**  
Handþeytari með 5 hraðastillingum. Hnoðjárn fylgja. Verð áður kr. 4.490  
Verð nú **2.990** **AFSLÁTTUR 33%**

**Lítil matvinnsluvél**  
Hakkar, malar, maukar Verð áður kr. 4.990  
Verð nú **2.990** **AFSLÁTTUR 40%**

**Lítil matvinnsluvél**  
Hakkar, malar, maukar Verð áður kr. 4.990  
Verð nú **1.990** **AFSLÁTTUR 43%**

**Töfrasproti**  
Verð áður kr. 3.490  
Verð nú **4.990** **AFSLÁTTUR 38%**

**Kleinhúringjárn**  
Bakar 7 gömsæta kleinhúringi. Uppskrift fylgir. Verð áður kr. 7.990  
Verð nú **1.990** **AFSLÁTTUR 50%**

**Eldhúsvog**  
Eldhúsvog digital með skál. Tekur hámark 2 kg Verð áður kr. 3.990  
Verð nú **2.490** **AFSLÁTTUR 50%**

**Hraðsuðukanna**  
1,7 lítra 2000W Verð áður kr. 4.990  
Verð nú **8.990** **AFSLÁTTUR 25%**

**Heiluborð**  
2 hellur 1000W + 1500W Verð áður kr. 11.990  
Verð nú **6.990** **AFSLÁTTUR 22%**

**Grillofn**  
10 lítra með hita- og tímastilli Verð áður kr. 11.990  
Verð nú **4.990** **AFSLÁTTUR 23%**

**Hrisgrjónapottur**  
1 lítra Verð áður kr. 6.490  
Verð nú **4.990** **AFSLÁTTUR 23%**

**Nefháraklippur**  
Verð áður kr. 1.490  
Verð nú **990** **AFSLÁTTUR 34%**

**Baðvog úr gleri**  
Örpunn baðvog úr möttu gleri með stórum LCD skjá. Verð áður kr. 5.990  
Verð nú **2.990** **AFSLÁTTUR 50%**

**Hárklippisett hleðslu**  
Hlaðanlegt hárlippisett með siddarstillingu. Verð áður kr. 3.990  
Verð nú **2.990** **AFSLÁTTUR 33%**

**Hárblásari 2000W**  
Með hita- og hraðastilli Verð áður kr. 3.990  
Verð nú **2.990** **AFSLÁTTUR 33%**

**Sléttujárn keramik**  
Með LCD skjá og hitastilli. Verð áður kr. 3.990  
Verð nú **2.990** **AFSLÁTTUR 33%**

**Handsópur**  
Rafdrifinn handsópur fyrir hleðslu. Betra en handryksuga Verð áður kr. 4.990  
Verð nú **1.490** **AFSLÁTTUR 70%**

**Bindisrekkir**  
Rafdrifinn bindisrekkir fyrir rafhleðslu. Fyrir allt að 64 bindi Verð áður kr. 4.990  
Verð nú **1.490** **AFSLÁTTUR 70%**

**Ryksuga 2400W**  
Kraftmikil ryksuga með stillanleg Soft start, stillanlegu skafti og sogkraft. Verð áður kr. 16.990  
Verð nú **9.990** **AFSLÁTTUR 42%**

**Hnókrarakvél**  
Fjarlægir ló og hnókra af fatnaði. Verð áður kr. 1.490  
Verð nú **1.190** **AFSLÁTTUR 20%**

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

# LAGGER HREINSUN

NOKKRIR DAGAR EFTIR!

**STÁLTÆKI**

**Kaffivél 12 bolla**  
Lagar heitt og gott kaffi á skömmum tíma. Verð áður kr. 5.990  
Verð nú **3.990** **AFSLÁTTUR 33%**

**Hraðsuðukanna**  
1,7 lítra, snúrulaus. 2000W Verð áður kr. 7.990  
Verð nú **4.990** **AFSLÁTTUR 38%**

**Blandari stál**  
Glerkanna 500W mótur 2hraðastillingar Malar is. Verð áður kr. 10.990  
Verð nú **7.990** **AFSLÁTTUR 27%**

**Hristari / Shaker**  
Gerðu ishristing og bragðaref eða blandaðu kokkteila með þessum hristara. Verð áður kr. 6.990  
Verð nú **1.990** **AFSLÁTTUR 72%**

**Brauðrist**  
Fyrir 2 sneiðar Verð áður kr. 4.990  
Verð nú **3.490** **AFSLÁTTUR 30%**

**Grill**  
Mínútagrill með ríffluðum grillfleti. Verð áður kr. 10.990  
Verð nú **7.990** **AFSLÁTTUR 27%**

**Rakataeki**  
Nær algeng hljóðlaust rakataeki. Afköst 5 lítr/14 klst. Engar síur Verð áður kr. 12.990  
Verð nú **8.990** **AFSLÁTTUR 31%**

**Gufustraujárn**  
2000W gufustraujárn með stálbotni Verð áður kr. 4.990  
Verð nú **2.990** **AFSLÁTTUR 40%**

**Sósupottur 16 cm**  
Tilvalinn í sósu. Verð áður kr. 3.990  
Verð nú **4.990** **AFSLÁTTUR 44%**

**WOK panna**  
Stór WOK panna með Akzo Nobel húð. Hentar líka á spanhellur. erð áður kr. 8.990  
Verð nú **1.990** **AFSLÁTTUR 50%**

**Panna 28 cm**  
Stór steikarpanna með Akzo Nobel viðloðunarfrírri húð. Hentar líka á spanhellur. Verð áður kr. 4.990  
Verð nú **2.290** **AFSLÁTTUR 57%**

# Rafha ehf

Opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 | Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 [www.rafha.is](http://www.rafha.is)

Fyllist allt af lífi:

## Hof og hallir

Á síðustu metrunum verða ákafari úrtöluraddirnar að nýjar og glæsilegar byggingar í Reykjavík og á Akureyri hafi aldrei átt að rísa. „Seint séð Puríður.“ Nú skal ekki hér rifjað upp hver tildrögin voru að því að Harpa og Hof voru undirbúin, hönnuð og reist. Aðdragandi inn að báðum húsunum var langur og hugsjónir um byggingu þeirra kviknuðu af sárri þörf, hvorki norðan né sunnan heilda voru nein hús tiltæk til samkomuhalds þannig að sómi væri að. Og þá var sama til hvaða tónlistarnota var litið: sínfónískrar tónlistar, kórverka, hljómsveita stórra og smárra af hvaða tagi sem gafst. Íslenskum áhugamönnum um tónlist af öllu tagi var vísað í skítuga bari, íþróttahús, gamla bíósali, félagsheimili af annarri kynslóð – því ástandi varð að linna.

### SKOÐUN

Páll Baldvin Baldvinsson  
pbb@frettabladid.is



Víst skal ekki efast um að allur undirbúningur beggja mannvirkjanna mátti vera betri, mælieiningar um kostnaðarhækkunar á báðum húsunum eru tímabundnar og háðar mörgum ytri skilyrðum. Það er lítið gagn í að tauta nú: „Þetta gat ég gert ódýrar hefði ég átt sög“, eða „Þessu var ég alltaf á móti“ eins og þær fulltrúinn á Akureyri gerir nú. Hvað ætla hann að gera í framtíðinni? Bíða á tröppunum meðan bærinn fer í Hof?

Húsin munu þýða algera byltingu í rekstri stórra menningarstofnana: rekstrargrunni Sínfóníuhljómsveitar Norðurlands og Leikfélags Akureyrar er gerbylt með Hofi. Loks verður fýsilegt fyrir opinberar stofnanir að sækja norður, leikflokka, dansflokka og tónlistarhópa af öllu tagi. Hagnaður í hjarta Akureyringa og Norðlendinga verður mikill og óumræddur. Hof mun kosta talsvert í rekstri en tilkoma hússins gerir norðurströndina frá Húnaflóa að Húsavík að byggilegri stað, bætir lífsgæðin.

Harpa mun á sama máta kalla á umtalsverðar breytingar í flutningi og notum tónlistar af hvaða tagi sem hún er. Húsið er risastórt skref til ánægjuauka fyrir íbúa allt upp í Borgarfjörð og austur eftir suðurströndinni. Mannvirki sem mun hvað sem stækkun og mannfjöldaaukningu á höfuðborgarsvæðinu og í nálægum byggðum líður duga í hundruð ára – gleymi menn ekki viðhaldinu. Ekki skal það efað að yfirvöld borgar og ríkis með þau Ingibjörgu Sólrúnu og Björn Bjarnason í fararbroddi hafa ekki hugsað dæmið til enda þegar Landsbankafélögum Björgólfs Guðmundssonar var veittur réttur til að reisa Hörpu. En þýðir um það að fást nú? Ekki lokum við skólunum foheldum, sláum fyrir kirkjurnar þótt þær geri ekki í blóðið sitt. Ekki er rekstrar-kostnaðurinn á bæjarstjórnarskrifstofum og ráðhúsum metinn svo að þau hús verði að nýta með tví- eða þrjúsetningu. Sem þó er hægt að gera bæði með Hof og Hörpu.

Tilkoma þessara mannvirkja kallar aftur á róttæka endurskoðun á menningarpólítík ríkis og sveitarfélaga, skarpan skilning á hvað er mögulegt og hvernig má hrinda því í verk öllum íbúum landsins til yndisauka. Aðsókn að úrtölumönnum hefur aldrei verið mikil.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Bleikir steinar

Femínistafélagið afhendir í dag bleika steina í tilefni af kvenréttindadeginum, 19. júní. Bleiku steinarnir eru hvatningarverðlaun og veittir fólki í lykilaðstöðu til að hafa áhrif á gang jafnréttismála í samfélaginu. Í fyrra voru það ráðherrar í ríkisstjórninni sem tóku við verðlaunum en í ár hljóta steinana Páll Magnússon, útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins, Egill Helgason, þáttastjórnandi hjá RÚV, Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, og Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.



#### Óþörf hvatning


Agli Helgasoni hefur lengi verið legið á hálsi fyrir að láta halla á hlut kvenna í þætti sínum. Því hefur hann neitað og segir konur einatt færast undan þegar hann hringir í þær. Það má því draga í efa að Egill Helgason telji sig þurfa á nokkurri hvatningu að halda þegar þegar kemur að því að rétta hlut kvenna, allra síst frá konum.

#### Nýr stjórnarformaður

Besti flokkurinn hefur útnefnt Harald Flosa Tryggvason sem formann stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Haraldur Flosi er fyrrverandi framkvæmdastjóri Lýsingar og því einn þeirra sem höfðu hönd í bagga með myntkörfulanum sem Hæstiréttur dæmdi ólögleg á dögunum. Vonandi farnast honum betur í stjórn Orkuveitunnar.



### HALLDÓR



## Orkulögmál í fjármálaheiminum

### Fjármál



Jón Baldur Þorbjörnsson  
bíltaeknifráeðingur

Eitt af lögmálum eðlisfræðinnar segir að orka geti hvorki orðið til né eyðst, heldur aðeins umbreytt.

Án þess að vera sérlega hagspekilega vaxinn tel ég að þannig sé þessu einnig háttáð um fjármagn: Það verður hvorki til úr engu né heldur getur það gufað upp (eða bara farið til himna, eins og Björgólfur Thor orðaði það í kvikmynd Gunnars Sigurðssonar). Fjármagn umbreytist aðeins í vinnu, hluti, og þjónustu, og öfugt.

Af því dreg ég þá ályktun að skuldir sem stofnað hefur verið til hverfi ekki. Ef einhver sleppur við að borga skuld sína, hvort sem hún hefur verið afskrifuð eða af öðrum orsökum, þá flyst skuldin væntanlega á annan aðila. Ef þessi annar aðili er banki eða starfsemi í hans eign fæ ég ekki betur séð en að verið sé að velta skuldinni yfir á almenning, þ.e.a.s. þann hluta hans sem er borgunarmaður fyrir skuldum. Því þegar bankar hagnast þá eiga þeir gróðann. En þegar þeir tapa eignum við tapið. Það virðist líka vera lögmál.

Sama sýnist mér eiga við um gjaldþyrstryggð bílakaupalán. Þegar

þau voru tekin var fólk vísvitandi og markvisst að gambla með lánsféð, treysti á að krónan myndi halda áfram að styrkjast og það myndi græða á gengismuninum. Eins og það væri að búa til peninga úr engu.

Nú þegar vopnin hafa snúist í höndum fólksins sé ég ekki beinlínis að lánafyrirtækin eða eigendur þeirra, bankarnir, eigi að taka á sig skellinn þrátt fyrir nýgenginn dóm um annað. Geri ráð fyrir að það ríði lánafyrirtækjunum að fullu. Bankar eiga þessar lánastofnanir, og hverjir skyldu nú eiga bankana?

Af því að skuldir hverfa ekki fæ ég ekki betur séð en að það lendi á mér að borga ef lánafyrirtækin eru þurrausin. Það lendir á mér og öðru fólki sem er með allt sitt á hreinu vegna þess að það tók ekki þátt í hrunadansinum. Af því að ég stillti mig um að kaupa mér nýjan bíl með glýju í augum af gengistryggðum lánunum og get því greitt mín gjöld til samfélagsins.

En á að fara að refsast okkur fyrir það með því að láta okkur líka halda bönkum uppi sem lánuðu fólki peninga í þetta fjárhættuspil?

FRÉTTABLAÐIÐ  
ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald  
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Fallegir fætur með Scholl

+ 25% afsláttur af öllum Schollvörum út júlí í öllum verslunum Lyfju.

# Í útlöndum er einmitt skjól

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Nýja auglýsingin frá Flugleiðum sýnir fólk í þjónustustörfum um allan heim að tala um Ísland. Ó svo kunnuglegt: þessi blanda af vanmetakennnd og sjálfsupphafningu, þessi þörf að sjá sig með augum útlendinga, þessi hugmynd að fólk víða um lönd sé að bollaleggja fram og aftur um Ísland. Samskonar auglýsing dynur á okkur frá Keflavíkurflugvelli (sem vill væntanlega minna á sig til að við flykkjumst ekki á Akureyrar – eða Egilsstaðaflugvöll til að fljúga þaðan til útlanda) þar sem einhver Japani þruglar um breytta jeppa og „þessa Íslendinga“ áður en okkur er tjáð að þetta sé besti flugvöllur í heimi.

## Nýja sjálfsmynd

Við þurfum að fara að hugsa öðruvísi. Allt þetta úti/inni

– útrás/innrás – þeir/við: þetta gengur ekki lengur. Íslenskt samfélag getur orðið ágætt: Hér er fátt fólk og mikið rými, verðmætasköpun, sveigjanleiki, mikið stéttaflokt, sterkt menningarlíf, góðir skólar á yngri stigum og ýmsar forsendur til að byggja fyrirmyndarsamfélag jafnaðar og framtakssemi. En við verðum að hætta að sækja sjálfsmynd okkar til útlendinga. Við eigum að hætta að vera hinn athyglissjúki krakki Evrópu. Hætta að ýkja afbrigðin og útdúrana í eigin fari, hætta að vegsama óhófið.

Við eigum að segja satt. Hákarl er ekki þjóðarréttur Íslendinga. Brennivín er bara viðbjóður. Við trúum ekkert á álfa.

Við eigum að horfa á styrk okkar: hér er allgóð og stundum frumleg verkunnátta, tungumál sem er vel til þess fallið að hugsa um hvaðeina, gróska í tónlist, háþróaður sjávarútvegur, góðar mjólkurvörur og lambakjöt, landið fagurt og frítt og hér er landlægur dugnaður...

Veikleikarnir eru til dæmis vond háskólamenntun, einkum á sviði viðskiptalífs og laga, spillning valdastéttarinnar, landlæg

trú á að lífið sé lotterí, vantrú á regluverki, skilningsleysi á gildi þess að gefa stefnuljós í lífinu rétt eins og í umferðinni – og landlægur dugnaður.

## Það er kalt að standa í gættinni

Fyrir nokkrum árum var mikill meirihluti þjóðarinnar hlynntur innngöngu í Evrópusambandið enda þóttist fólk sjá að betra er að sitja við borðið og semja reglurnar en að híma í gættinni



Kannski er lærdómurinn að Íslendingar geta ekki verið ábyrgðarlausir og fríttspilandi í heiminum.

og taka við þeim og reyna svo að sniðganga þær.

Icesavemálið virðist hins vegar hafa snúið mörgum. Fólk virðist unnvörpum hafa dregið þá ályktun að það mál sýni að ESB sé „á móti okkur“. Eins og kunnugt er hafði Sjálfstæðismannabankinn safnað yfirþyrmandi upphæðum hjá enskum og hollenskum sparifjäreigendum án þess að styrkja sem

því nam hinn lögboðna tryggingarsjóð innistæðueigenda heldur vísuðu óljóst á ríkissjóð Íslands þegar spurt var í Englandi og Hollandi um tryggingar ef illa færi og þumbuðust við að færa starfsemina undir lögsögu þeirra landa því að þá hefðu þeir ekki fengið að flytja peningana heim í „góðærið“. Þegar á reyndi brást ríkissjóður Íslands líka og mun helsta málsvörn Íslendinga að nóg hafi verið að koma á fót

hinum lögboðna tryggingasjóði – aldrei hafi neinn sagt að eitthvað ætti að vera í honum.

Þetta er íslensk lögspeki – sú sama og bjó til gengistryggðu lánin. En kannski er lærdómurinn sem margir Íslendingar draga af framgöngu Evrópusambandsins í Icesavemálinu ekki réttur: kannski sýnir málið einmitt að ESB myndar skjól aðildarþjóðum sínum – en ekki hinum

sem standa fyrir utan. Og það er kalt að standa í gættinni.

Kannski er lærdómurinn að Íslendingar geta ekki verið ábyrgðarlausir og fríttspilandi í heiminum; geta ekki notið góðs af viðskiptafrelsinu án þess að virða regluverkið.

Efnahagshrunið varð ekki út af reiði Davíðs eða þýlyndi Geirs, ágirnd útrásarvitfirringa, fláttskap framsóknarforkólfa eða læpuskap Samfylkingarinnar. Það varð ekki vegna skapgerðarbrestar ráðamanna. Ekki bara að minnsta kosti, en við munum alltaf hafa skammsýna ráðamenn, ágjarna kaupskýslumenn og hrokafulla bankamenn meðal okkar: hrunið varð vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem sköpuðust hjá þessu þjóðarkrflí í gættinni að ESB. Og lærdómurinn: Við þurfum að komast af sérleiðunum á sjálfa þjóðbraut viðskiptanna. Hugmyndin um Ísland sem efnahagslegt eyland sem spilar til skiptis á Kanann og Kínverjann er stórhættuleg. Ísendingar eru ekki klóka sérleiðabjóðin og þar með þrotlaust umhugsunarefni öðrum þjóðum. Við þurfum umgjörð um efnahagslífið. Við þurfum skjól.

Og í útlöndum er einmitt skjól.

## AF NETINU

### Vil þjóðstjórn

Össur talar um þörf á þverpólískri samvinnu um ýmis stórmál og nefnir Icesave sérstaklega sem dæmi um þverpólískt samstarf sem verið hafi til góðs. Þessu er ég tvímælalaust sammála og vil ganga lengra: Engin ríkisstjórn hefur leyfi til þess að leita ekki eftir þverpólískri aðkomu að málum af þessari stærðargráðu sem varða þjóðarhag um ókominn tíma. Össur víðrar í framhaldinu þá hugmynd að þjóðstjórn gæti verið heppileg við þær aðstæður sem við nú búum við.

Margt gott gæti vissulega hlotist af þessu fyrirkomulagi. Þetta gæti orðið til að frelsa þingið, stjórnmalaflokkana sem þar eru starfandi og einstaklinga þar innanborðs. Ég hef haldið því fram að ef einstakir þingmenn hættu að hugsa samkvæmt flokkspólítísku forriti og virkjuðu eigin dómgreind þá væri mikið unnið. Þjóðstjórn-

arfyrirkomulag – sem er háfleygt orð yfir samstjórn allra flokka – breytir því hins vegar ekki að um hugsjónir og stefnumál eru skiptar skoðanir á milli stjórnmalaflokka og hlýtur afstaða til grundvallarmála að skipta sköpum þegar ríkisstjórnir eru myndaðar.

Þess vegna verður að spyrja Össur í framhaldinu: Hvað er það sem samstjórn allra flokka myndi gera sem þessi ríkisstjórn gæti ekki gert?

ogmundur.is

Ögmundur Jónasson

### Ríkið mun ekki græða

Fulltrúar hagsmunaaðila halda jafnan fram, að leggi ríkið þeim til peninga þá muni þjóðfélagið græða. Gróði skattgreiðenda er

að borga þessi arðbæru verkefni núna til að geta notið þeirra síðar. Í meir en 50 ár hafa skattgreiðendur greitt gríðarlega fjármuni árlega til að tryggja markaðssókn í sauðfjárrækt. Ekkert hefur skilað sér til baka ... Talsmenn músikhússins við höfnina í Reykjavík halda því fram að húsið muni ekki kosta skattgreiðendur neitt því að þjóðhagslegur hagnaður af músikhúsinu vegna grósku í söng- og öðru listalífi muni skila sér í auknum tekjum þ.á.m. gjaldeyrstekjum. Fróðlegt verður að sjá hvernig á að rökfæra það að ná megi inn hagnaði þó ekki sé nema bara á móti rekstrarkostnaði við músikhúsið sem verða rúmir 8 milljónir á dag, hvað þá byggingarkostnaðinum.

jonmagnusson.blog.is

Jón Magnússon

# Sólarmegin

## Gönguferð TM um sumarsólstöður

Á lengsta degi ársins, mánudagskvöldið 21. júní, býður TM til Esjugöngu með leiðsögn reyndra fararstjóra frá Ferðafélagi Íslands.

Allir viðskiptavinir TM eru velkomnir ásamt fjölskyldum sínum.

TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is

Göngufólk safnast saman í Esjustofu við rætur Esju (hjá Mógilsá) kl. 20.00 þar sem farið verður í léttu upphitun. Gangan hefst svo kl. 20.30.

Fararstjórar FÍ fræða göngufólk um náttúru og sögu og það sem fyrir augu ber. TM gefur öllum göngugörpum buff og vatnsflösku. Að göngu lokinni býður TM upp á kakó í Esjustofu, sem verður opin allt kvöldið.



Ef þú ert tryggður þá færðu það bætt





**GÓÐUR BURSTI** til að þrifa grillið er algjört þarfabing. Það fer best með grillið að þrifa það eftir hverja notkun auk þess sem það er miklu skemmtilegra að grilla ef maður kemur alltaf að grillinu hreinu.



# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

## Dinnmjúkar brúðargjafir



- Gefðu íslenska hönnun

Sængurfatnaðurinn frá **Lín Design** er ofinn úr bómullardamask. Yfir 30 tegundir af íslenskum sængurfatnaði til brúðargjafa. Íslensk hönnun á góðu verði.

**Lín**  
DESIGN

Lín Design • Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið • sími 533 2220 • www.lindesign.is



Steinunn Björk heldur mikið upp á fíla vegna þeirra sérstaka hópeðlis.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Telur mánuði með fílum

Uppáhaldshlutur Steinunnar Bjarkar Pieper er handgert fíladagatal frá Botsvana. Kötturinn hennar Steinunnar Bjarkar ýtir dagatalinu reyndar oft niður af hillunni í stofunni þar sem það stendur.

„Uppáhaldshluturinn minn er fíladagatal,“ segir Steinunn Björk Pieper, verkefnastjóri hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands, innt eftir sínum upphaldshlut á heimilinu. Heimili var yfirskrift alþjóðadags flóttamanna sem Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn og Alþjóðahús í samstarfi við Reykjavíkurborg efndu til á Ingólfstorgi í gær.

Dagatalið fékk Steinunn Björk sent frá skoskri vinkonu sinni sem var trúboði í Botsvana um tíma. „Einu sinni tilheyrði ég kirkju sem

var með trúboða. Ég var trúboði í Skotlandi. Mig langaði reyndar helst til Afríku. Þessi vinkona mín sem ég kynntist í Skotlandi fór til Botsvana og sendi mér þetta fíladagatal þess vegna.“

Steinunn Björk segir fíladagatalið handgert og lýsir því þannig: „Þetta eru sem sagt tólf fílar. Þeir eiga að vera litlir og fara svo stækkandi en mínir eru eiginlega allir jafnir að stærð. Þeir eru í halaröfu en í janúar snýr einn á móti hinum og svo kemur febrúar og þá er öðrum snúið við,“ segir Steinunn Björk og bætir

við að með dagatalinu séu mánuðirnir taldir en ekki dagarnir. „Í rauninni þarf ég að vita úr hvaða átt ég er að telja. Þetta er ekkert mjög augljóst,“ upplýsir Steinunn Björk sem heldur mikið upp á fíla. „Ég veit nú ekki af hverju. Ég held það hafi eitthvað með það sem við þykjumst vita um þeirra sérstaka hópeðli. Þeir syrgja þá sem deyja og hugsa um sína.“

Að sögn Steinunnar Bjarkar á dagatalið sér góðan samastað á hillu í stofunni. „Þar sem ég sé það úr sófanum.“ martaf@frettabladid.is

**weber** - tilvalið í ferðalagið **weber**

Söluáðilar: Garðheimar - Húsasmíðjan - Rótor Seglagerðin Ægir - Everest - Búsáhöld Kringlunni [www.weber.is](http://www.weber.is)

Auglýsingasími **512 54 01**

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...

# SUMAR ÚTSALA

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa ★★★★★ [www.svefn.is](http://www.svefn.is)

**20-50% AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgafnar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending **SAGA OG ÞÓR**  
Hágæða heilsudýnur

SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**  
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

**IQ-CARE**  
Ein besta heilsudýna í heimi

Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

**VALHÖLL/FREYJA** Ný sending  
Góð rúm á frábæru verði

Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



**SMÁHLUTIR** hafa mikið að segja og oft má gerbreyta herbergi bara með því að skipta þeim út. Alls konar flöskur, sápur og burstar geta til dæmis gert mikið fyrir baðherbergið.

**Blöndunartæki**  
fyrir heita potta 52.L./mín.  
Mjög afskastamikið tæki.

Hringás ehf - Skemmuvegur 10 (blá gata) - 200 Kópavogur - Sími: 567-1330

**Rauðakrosshúsið**

## Dagskrá vikunnar

Ókeypis

**Mánudagur 31. maí**

- Skip án skipstjóra - Settu þér markmið og fylgdu þeim eftir. kl.12:30 -13:30
- EFT og djúpslökun - Umbreyttu heftandi viðhorfum með EFT tækninni. Umsjón: Víðar Aðalsteinsson, EFT sérfræðingur. kl.14:30-16:30
- Þrjónahópur kl. 13-15 ► Skáklúbbur kl. 15:30-17

**Þriðjudagur 1. júní**

- Skiptifatamarkaðurinn fer í sumarfrí - Síðasti markaðurinn fyrir sumarið! kl. 16-18
- Qi-Gong kl. 12-13 ► Gönguhópur kl. 13-14 ► Íslenskuhápur kl. 13-14
- Vinnu saman - Ný viðhorf (Býflugurnar) kl. 14-16

**Miðvikudagur 2. júní**

- カツ丼 (Katsudon) og チキン丼 (Chikin-don) - Fáðu að smakka og lærðu að búa til japanskan hversdagamat af Toshiki Toma. kl.12:30 -13:30
- Möguleikar internetsins fyrir þig - Hvernig getur þú markaðssett þig eða áhugamálið á netinu? Umsjón: Ólafur Þór Ólafsson. kl.15:30-16:30
- Tölvuaðstoð kl. 13.30-15.30 ► Briddsklúbbur kl.14-16
- Lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur kl. 14-16

**Fimmtudagur 3. júní**

- Ekta ítalskar kjötbollar - Lærðu að gera alvöru ítalskar kjötbollar og fáðu smakk í lokin. Umsjón: Aurelio Ferro, arkitekt og matgæðingur. kl.12:15 - 13:15
- Föndur, skropp myndaalbúm og kort - Hafðu skæri með. kl.12-14
- Heilsu- og hreyfingarhópur - Vertu með í skemmtilegum og fjölbreyttum hópi sem hjálpar þér að halda þér við efnið. kl.14-15
- Saumasmiðjan kl. 13-15 ► Jóga kl. 15-16

**Föstudagur 4. júní**

- Hvernig stöndumst við álag - Hvers vegna snögg reiðumst við eða pirrum okkur yfir smámunum í daglegu lífi? Jóhann Thoroddsen, sálfræðingur. kl.12:30-14
- Meðvirkni - Ráðgjafar Lausnarinnar fjalla um meðvirkni og afleiðingar hennar á fjölskyldulífið. kl.14-15
- Gönguhópur kl. 12.30-13.30 ► Hláturjóga kl. 15:30 -16:30

**Rauði kross Íslands**  
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is  
www.raudakrosshusid.is | Opíð virka daga kl. 12-17

## Fer ekki troðnar slóðir

Óli Jóhann Ásmundsson opnaði húsgagnagallerí á Laugavegi fyrir skemmstu en þar er að finna húsgögn sem hann hefur gert á síðustu árum. Mörg eru þannig úr garði gerð að hægt er að fella þau saman.

Arkitektinn og húsgagnahönnuðurinn Óli Jóhann Ásmundsson opnaði Gallerí ÓJÁ á Laugavegi 178 fyrir skemmstu en þar er að finna frumleg húsgögn af ýmsu tagi. „Ég byrjaði að hanna fyrir fimmtán árum og hef gert það svona í og með síðan. Ég varð sjö-tugur fyrir nokkru og ákvað að opna gallerí í stað þess að setjast í helgan stein.“

Óli Jóhann talar um að húsgagnahönnuðir skiptist í tvo hópa. „Þeir eru ýmist nýskapandi eða túlkandi. Þeir sem eru túlkandi eiga yfirleitt auðveldara með að selja vörurnar sínar enda kannast fólk við svipmótið en húsgögn sem tilheyrja hinum hópnum eru yfirleitt nokkuð framandi.“ Óli Jóhann fellur án vafa í flokk hinna nýskapandi enda verða húsgögnin hans seint talin ófrumleg.

Fyrsta verk Óla Jóhanns var stóllinn Delta sem vakti nokkra athygli. Hann er á lómum og er þeim kostum búinn að það er hægt að fella hann saman. „Árni Páll Jóhannsson, sem hannaði sýningarskálann á heimssýningunni í Hannover árið 2000, tók hann með sér út og í kjölfarið fékk hann opnumfjöllun í þýska hönnunartímaritinu Moebel Interior Design. Það varð til þess að hann vakti athygli hér heima sem leiddi til þess að ég hélt sýningu í Hönnunarsafni Íslands árið 2002. Ég hef síðan verið að bæta við húsgögnum hægt



Skápurinn er laus við allar skrúfur eins og önnur húsgögn Óla Jóhanns og er því lítið mál að taka hann í sundur og setja aftur saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Meditor heitir þessi stóll sem lagar sig vel að líkamanum.



Delta-stólarnir hafa vakið talsverða athygli.

og bítandi og hélt aðra sýningu á Kjarvalsstöðum árið 2007.“

Meðal annarra verka Óla Jóhanns má nefna stóllinn Loka. Hann er líka hægt að fella saman

og er til sýnis á söfnum í Ósló, Berlín og Vínús. „Ég er svo alltaf með fleiri hugmyndir í höfðinu en það er spurning hvort þeim verði komið í framkvæmd.“ vera@frettabladid.is

**NÝTT**  
**GLÆSILEGT • YNDISLEGT**

teg. DECO - glæsilegur,  
létt fylltur í D,DD,E,FF,G  
skálum á 8.850 kr.

*Misty* - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070  
Sími 551 3366.  
Opíð mán.-fös. 10-18,  
Lokað á laugardögum  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.  
www.misty.is

f Vertu vinur f

## Afleysingamenn leigubílstjóra Námskeið

Með vísun til laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar, gengst Vegagerðin fyrir námskeiði fyrir afleysingamenn leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd dagana 22. til 24. júní n.k.

Þátttaka tilkynnist í síðasta lagi 21. júní til Ökuskólans í Mjódd í síma 567-0300

Næsta námskeið verður í september 2010

**ALLT ÚT AÐ BORDA**

Jóna María Hafsteinsdóttir  
jmh@365.is - sími 512 5473

Henny Árnadóttir  
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir  
thordish@365.is - sími 512 5447

# B|A|S|L|E|R


## ÚTSALAN HAFIN!

Skipholti 29b • S. 551 0770

*Parisar*  
TÍZKAN  
Tízkuhús, stofnsett 1963

# híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 21. JÚNÍ 2010



FRÉTTABLAÐIÐ



MUNDUR BINKASAFNI



**Tarkett** viðarparket

Verðdæmi:  
Eik 3ja stafa kr. 4.990 m<sup>2</sup>



**ÁLFABORG**

Skútvogi 6 - Sími 568 6755



● **RÓSAKLIPPINGAR** Þær er best að framkvæma síðla vors en yfir sumarið er rétt að klippa sölnaða blómstíla niður að næsta sterklega brumi. Með klippingu er helst verið að stýra blómgun og auka hana eins og kostur er. Ef mikið er klippt af rósinni koma fá og stór blóm en ef styttra er klippt koma fleiri og minni blóm og þau verða auk þess fyrr á ferðinni. Tilgangur klippingar rósarunna er að halda ummáli hans í lágmarki án þess að forma hann sérstaklega og mikilvægt er að stýra vexti rósarunna frá gönguleiðum fólks þar sem rósir eru stingandi plöntur. Heimild: www.gardabaer.is.

## Sækir innblástur í menningararfinn

Sýning á hönnun Dóru Hansen og Heiðu Elínu Jónsdóttur stendur nú yfir í Aurum í Bankastræti 4. Guðbjörg Ingvarsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Aurum, segir þetta í takt við þá stefnu að sýna verk eftir íslenska hönnuði í versluninni.

„Við verðum mánaðarlega með nýja sýningu á hönnun eftir Íslendinga og munum leggja áherslu á að sýna eitthvað nýtt úr þeirra smíðju. Rekaviðarborðið og Útsaumskollurinn eftir Dóru og Heiðu er liður í þeirri stefnu,“ útskýrir hún og bætir við að með þessu móti sé aukið enn frekar við flóru Aurum. „Hingað til höfum við verið þekkt fyrir fallega skartgrip, en við opnuðum síðan nýja hönnunar- og gjafavöruverslun í mars á þessu ári.“



Dóra Hansen og Heiða Elín Jónsdóttir frá eitt A Innanhúsarkitektum eru hönnuðir Útsaumskollsins. Hann er gataður í miðjunni og má nota götin til að sauma út í. Þannig ljær eigandinn honum persónulegan svip og getur svo breytt til með því að rekja mynstrið upp og gera nýtt. Kollinn má einnig nota sem borð.



Borðið Ferðalag eftir Dóru, gert úr rekaviði og með útskornu mynstri. Hönnunin sækir innblástur til íslensks menningararfs því leikið er með samspil fortíðar og nútíðar, þar sem gömul handverkshefð mætir nútímatækni.



Í sumum herbergjanna er náttúran flutt inn í hús með ljósmyndum eftir Þorstein Henn, sem ná flennistórar yfir veggina.



Herbergin eru sex talsins og nostrað við hvern hlut. Efniviðurinn er að megninu til endurnýttur.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Á göngunum eru listrænar og flottir skúlptúrar.

## Heilsulind og gisting í ævintýrablegu umhverfi

Guesthouse 1x6 er heillandi gistihús sem Daníel Sigmundsson og Linda Mjöll Stefánsdóttir hafa í sameiningu komið á laggirnar í Keflavík, í litlu húsi við Vesturbraut 3.

Daníel Sigmundsson er listsmiður Gistihússins 1x6 sem opnaði nýverið í Keflavík en í því eru húsgögn og jafnvel loftljós skorin út úr við. Linda Mjöll Stefánsdóttir gaf einnig ímyndunaraflinu lausan tauminn við hönnun hússins en hún er leikmyndahönnuður.

„Við sköpuðum gistihúsið úr alls kyns efnivið sem við endurnýttum. Gömlum rafmagnskeflum, brotnum flísum, málningu sem var lituð vitlaust hjá málningarfyrirtækjum og því sett til hliðar – ég endurlitaði hana. Daníel vann með við sem hefur legið úti í 20 ár. Allt timbur sem notað er, er ein tomma sinnum sex að stærð, og einnig eru herbergi gistihússins sex. Þaðan er nafn þess sem sagt komið,“ segir Linda Mjöll.

Húsið við Vesturbraut er ævintýraheimur og fyrir utan hefur Daníel hlaðið heitan pott úr sjávargrjóti. „Hugsunin á bak við þetta er ekki bara að bjóða upp á gistingu heldur að búa til smá íslenskt ævintýri, listaverk sem hægt er að labba inn í og okkur langar til að fólk eigi tíma þarna sem vekur með þeim orku og hugmyndir. Þetta er hugsað sem sælulind og friður fyrir fólk en við erum ekki með sjónvarp eða útvarp en nettenging er aðgengileg. Hollur morgunmat er í



Gistihúsið stendur nálægt sjónum, í friðsælu og heilandi umhverfi.



Erfitt er að sjá að mannhöndin hafi komið nálægt heita pottinum, sem hlaðinn er úr grjóti af Daníel Sigmundssyni.

boði, heimabakað brauð og við kveikjum smá eld eftir heitapottinn á kvöldin.“

Þessa dagana er verið að setja upp sérherbergi fyrir börnin, þar sem þau geta jafnvel klifrað á

veggjunum og Linda segir mikilvægt að skilja ekki börnin útundan í túrísma. „Fólk mun líka geta keypt hluti eftir Daníel, tekið til dæmis skúlptúr með sér heim.“

-jma



**MÁLNINGALAGERINN**  
- ÞAÐ ER FLOTT AÐ SPARA



LAKKMÁLNING  
1. LÍTER  
KR. 1.890,-



10. LÍTRA  
KR. 5.998,-  
KR. 3.990,-



3. LÍTRA  
KR. 1.790,-

SPARAR KR. 2.000,-



TEKNOS LAKKMÁLNING 20% AFSLÁTTUR

NCS LITAKERFI. BLÖNDUM LITI MÁLNINGAR, SLIPPFÉLAGSINS, FLUGGER OG JÖTUN.

WWW.MALNINGALAGERINN.IS  
SÍÐUMÚLI 34 - SÍMI: 517-1500



## Óskum eftir eignum á söluskrá - Hagstæð kjör og góð þjónusta

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali  
Finnboði Hilmarsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500  
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.  
**Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.



heimili  
FASTEIGNASALA



## Melgerði 8, Kóp



**OPIÐ HÚS**  
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 19-20**  
Snyrtilegt og gott einnar-hæðar einbýlishús á góðum stað í vesturbæ Kópavogs. Húsið er 139,9 fermetrar og þar af bílskúr 31,5 fm. Húsið er í ágætu standi að utan.  
**Söluumaður : Sigurður sími 898-3708.**



Húsinu fylgir bílskúr, munstursteipt bílplan og stór lóð í mikilli rækt.

MYND/ÚRI EINKASAFNI

## Vel skipulagt einbýli í fjölskylduvænu hverfi

Heimili fasteignasala er með á skrá einbýlishús við Reyngi 29 í Grafarvogi.

Húsið er byggt árið 1993 og skráð 249,9 fermetrar ásamt 34,5 fermetra bílskúr, eða samtals 284,4 fermetrar. Eignin skiptist í í fjögur svefnherbergi á efri hæðinni, baðherbergi, sjónvarpshol, stóra stofu, borðstofu, eldhús, gestasnyrtingu og þvottahús.

Undir húsinu er 47,4 fermetra stórt rými sem skiptist í herbergi, hol og stóra geymslu (ásamt 33 fermetra óskráðu rými sem er ekki tilgreint í Fasteignaská ríkisins).

Á gólfum er parket á stofu, eldhúsi og þremur herbergjanna. Dúkur er á tveimur svefnherbergjum og flísar á baðherbergjum.

Frá stofu er útgengt á 90 fermetra timburpall með heitum potti og þaðan út í garð.

Bílskúrin er með öllu, lakkað gólf. Bílplan er munstursteipt. Lóðin er 903 fermetrar og í mikilli rækt.

Þess skal getið að húsið er í fjölskylduvænu hverfi og er allt aðgengi að bæði húsi og hverfi gott. Stutt er í barna- og leikskóla, íþróttastöðu, verslun og þjónustu.

Verslunarhúsnæði laust til útleigu  
við Laugaveg 83. Stærð 140 m<sup>2</sup>  
Upplýsingar í síma 693 0203




Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

## Blikahöfði 5, íbúð 303 - 270 Mosfellsbær



**OPIÐ HÚS**  
Mjög falleg 3ja herbergja, 99 m<sup>2</sup> íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Fallegar kirsuberjainnréttingar í eldhúsi og svefnherbergjum. Parket og flísar á gólfum. Suðurvalir með miklu útsýni. Eignin er laus til afhendingar strax! V. 19,9 m. 4955

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**

## Porlaksgeisli 5 - 113 Reykjavík



Mjög rúmgóð og falleg 139,5 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð í 4ra hæða lyftuhúsi við Porlaksgeisla 5 í Grafarholti. Íbúðin skiptist í forstofu, hjónaherbergi með fataherbergi, tvö rúmgóð svefnherbergi með fataskápum, baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir bílastæði í lokaðri bilageymslu og sér geymsla á jarðhæð. Eignin er laus til afhendingar strax! V. 29,0 m. 4958

## Lækjarmelur - 116 Reykjavík



Nokkur ný 125 til 135m<sup>2</sup> iðnaðarbil/geymslur með milli lofti við Lækjarmel 8 í Reykjavík. Ca. 100 m<sup>2</sup> vinnusalur með vélslipuðu gólf og ca. 30 m<sup>2</sup> milli loft með stálstiga og stálhandriði. Bilið er með góðri innkeyrsluhurð, mikil lofthæð og þriggja fasa rafmagn. Snyrting með salerni og handlaug er í rýminu auk skolvask. Verð frá 12 til 12,9 m. 4939



**Melhagi - 107 Reykjavík**  
